



- LÖGREGLU -

MAÐURINN

1. tbl - 2008

MAÐURINN

1. tölublað - 24. árgangur 2008 - 62. blað



Ritstjóri:
Steinar Adólfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:
Steinar Adólfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófkörk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson



Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.ll.bsrb.is



Efnisyfirlit



Viðtal við Snorra Magnússon 4



Viðtal við Svein Ingiberg Magnússon 16



Lögreglunni blæðir 20



Með lögum skal land byggja 22

Viðtækari vegavernd Sjóvá 24

Norrænir lögreglunemar vinna saman 26

Íþróttir 28

Dulafulli Píramítinn 31



Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- ◆ Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundu. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- ◆ Ekki lengra en um 3.000 slög.
- ◆ Fordist skammstafanir
- ◆ Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- ◆ Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- ◆ Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- ◆ Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- ◆ Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

Formannshornid

Álag, er það orð sem oftast heyrast þegar rætt er við lögreglumenn um hvað það er sem einna helst brennur á þeim. Álag vegna manneklu. Álag vegna skorts á faglærðum lögreglumönnum. Álag vegna síaukinna verkefna. Álag vegna lágra launa. Það síðast nefnda fékkst, að nokkru leyti, viðurkennt og leiðrétt s.l. haust með tilkomu 30.000,- kr. álagsgreiðslanna sem lögreglumenn fengu ofan á sín laun, tímabundið. Launin höfðu enda dregist verulega aftur úr þeim stéttum sem okkar stétt hefur helst verið miðuð við.



Enn á eftir að fá þetta álag viðurkennt inn í álagsgreiðslur, vegna t.d. vaktavinnu, og þá gengdarlausu yfirvinnu sem einkennt hefur stéttina áratugum saman. Hér er þörf gríðarlegrar samstöðu allra lögreglumanna til að ná fram nauðsynlegum kjarabótum enda á brattann að sækja eins og allir landsmenn hafa orðið varir við í umræðum liðinna vikna og mánaða um efnahagsmál þjóðarinnar.

Á sama tíma og lögreglunni blæðir er kemur að mannskap og þekkingu er hamrað á gildishlöðnum orðum á borð við „mannauður“ og hvernig hann sé allt það og í raun eina sem lögreglan á og þarf að hlúa að. Efnidirnar virðast, því miður, oft á skjön við hin fögru orð. Orðið „mannauður“ gerir nákvæmlega ekki neitt eitt og sér þó það sé hlaðið jákvæðum gildum. Það þarf að fylgja orðinu eftir með framkvæmdum. Það þarf að fylgja orðinu eftir með launum, hvort sem það er beint í

launaumslög okkar eða með öðrum hætti. Það þarf að fylgja orðinu eftir, ekki bara með fallega orðuðum starfsmannastefnum heldur með efnadum á því sem í þeim stendur. Það þarf að fylgja orðinu eftir með því að hugsa um persónurnar sem standa á bak við mannauðinn. Mannauðurinn getur nefnilega ekki endalaust beðið efnada og ekið á milli útkalla á tónum bensintönkum. Hér er grettistaki að lyfta hjá allmörgum lögreglustjórum. LL er héreftir sem hingað til reiðubúið til skrafs og ráðagerða.

Nýlega afstaðið þing LL, sem haldið var í Munaðarnesi dagana 29. apríl til 1. maí, lagði grunn að þeim kröfum sem lagðar verða fram í komandi kjaraviðræðum LL við ríkisvaldið. Þar má m.a. nefna kröfur um verulega hækkun grunnlauna, álag á aukavinnu, sem unnin er á álagstímum, frekari lækkun starfslokaaldurs og að þeim sem náð hafa svokallaðri 95 ára reglu njóti samræmis í eftirlaunum við þá sem hætta við núverandi starfslokaaldur, að nám verði metið til launa og lögreglumönnum verði gert kleift að stunda líkamsrækt í vinnutíma. Í þessu samhengi má geta þess að formaður og framkvæmdastjóri LL hafa setið fundi samningseininga BSRB í aðdraganda nýlegra fram- lengdra samninga nokkurra aðildarfélaga bandalagsins í þeim tilgangi að vera meðvitaðir um kröfugerðir þeirra, sem og vilja samninganefnd- ar ríkisins til samninga og á hvaða nótum slíkir samningar yrðu gerðir.

Að lokum óska ég öllum lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars.

Ritstjórapistill

Í upphafi vil ég geta þess að blaðið kemur mun seinna út en áætlað var og kemur þar ýmislegt til. Mikil vinna er á skrifstofunni tengt þingi LL og upphaflega var ákveðið að þingið yrði í byrjun apríl. Er ljóst varð að kosning færri fram þá var þingtíminn færður til loka apríl og færðist því álagspunkturinn til þess tíma. Ég var ákveðinn í að hafa viðtal við nýjan formann og jafnframt fráfarandi formann í blaðinu og annað efni var tilbúið fyrir nokkru og er það ástæðan fyrir að ekki er sérstök umfjöllun um þingið núna en því verður gerð skil í næsta tölublaði.



Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka fyrrverandi stjórn fyrir gott samstarf og óska nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Framundan er mikilvægt tímabil þar sem reynt getur á samstöðu lögreglumanna. Ljóst er að nýafstaðnir samningar á almenna markaðnum og ekki síður samningar á opinbera markaðnum, milli þeirra aðildarfélaga BSRB sem voru með lausa samninga núna í vor og ríkisins, skapa ákveðin viðmið sem skoða verður í samhengi við ástand efnahagsmála á líd-

andi stund. Vonandi verður árferðið betra í haust er samningalota okkar hefst en einnig verður að skoða hvaða niðurstaða næst milli ríkisins og BHM en er þetta er ritað þá er staðan sú að BHM hefur hafnað því að gera samkomulag á sömu nótum og samið hefur verið um við almenna markaðinn og við BSRB.

Starfsumhverfi lögreglumanna er sem fyrr mikið í umræðunni og vonandi verður það metið að verðleikum er við setjumst að samninga- borðinu. LL hefur haldið uppi öflugum málflutningi varðandi starfs- umhverfið og mikilvægi þess að ráða fagmenntaða lögreglumenn í allar lausar stöður og tryggja nægilegt fjármagn til embættanna svo unnt sé að halda úti skilgreindu þjónustustigi samkvæmt staðfestum skipuritum. Að öðrum kosti verður okkar fólk fyrir þeim aðhalds- aðgerðum sem grípa þarf til enda er launakostnaður embættanna um 85 % af rekstrarfjármagni þeirra. Þá er ljóst að ytri kostnaðarþættir, svo sem rekstur bifreiða, hafa verið vanáætlaðir í rekstrargrunninum og engar bætur greiddar til embættanna vegna aukins kostnaðar. Það er von LL að breytingar á þessu verði við afgreiðslu aukafjárlaga núna í haust og síðan til frambúðar í fjárlögum næsta árs.



Lífið er of stutt til að vera að eyða því í að tipla á tánum í kringum fólk

- segir Snorri Magnússon rannsóknarlögreglumaður. Í nýafstöðnum kosningum hlaut listi sem leiddur var af Snorra afgerandi kosningu og tók hann því við formennskunni að loknu þingi LL í lok apríl.

En svona í upphafi viðtalsins þykir rétt að forvitnast aðeins um bakgrunn Snorra og því liggur beinast við að biðja hann um að gera nánari grein fyrir sér.

„Ég er fæddur og uppalinn í Reykjavík en á ættir mínar að rekja vestur á firði og austur undir Eyjafjöll og úr Biskupstungum. Móðir mín er fædd í Vestmannaeyjum en faðir minn í Reykjavík. Ég er alinn upp í Vestur- og miðbæ Reykjavíkur og Breiðholti. Meiri hluta ævinnar hef ég þó búið á Seltjarnarnesi þar sem ég bý enn. Ég gekk í gamla barnaskólann við Öldugötuna, áður stýrimannaskólann, Fellaskóla og að lokum Fjölbrotaskólann í Breiðholti þaðan sem ég lauk námi í húsasmíði áður en ég hóf störf í lögreglunni. Ég er kvæntur Hafðísi Jónu Gunnarsdóttur og eigum við þrjú börn, Gunnar Dag 24 ára, Snorra Halldór 19 ára og Dagmar Ýr 18 ára.

Ég hóf störf í lögreglunni í nóvember 1984, þá á B-vakt almennu deildar lögreglunnar í Reykjavík. Það eru því tæp tuttugu og fjögur ár, núna í haust, síðan ég hóf störf í lögreglu.

Aðalvarðstjóri B-vaktarinnar á þessum árum var Magnús Gunnar Magnússon heitinn, frá Melshúsum á Seltjarnarnesi. Gjarnan kallaður Maggi Melur.

Sá háttur var gjarnan hafður á ráðningum manna á þessum tíma að menn voru ráðnir til starfa, sem þeir gegndu svo í einhverja mánuði áður en viðkomandi embætti sendi menn til náms í lögregluskólanum. Allt námið, bæði fyrri og seinni önn, var því launað. Það var ógleymanleg lífsreynsla að byrja í lögreglunni á þeim tíma sem ég hóf störf því ég náði að vinna með lögreglumönnum, sem höfðu hafið störf sín á síðustu árum seinni heimsstyrjaldarinnar. Þarna voru við störf menn, komnir fast að sjötugu, sem unnið höfðu um eða yfir fjórutíu ár í lögreglunni og alla sína tíð jafnvel í vaktavinnu. Lögreglumenn sem bjuggu yfir gríðarlegri reynslu og voru óendanleg uppspretta merkra sagna úr lögreglunni. Lögreglumenn sem höfðu skilað sínu og rúmlega það margoft.

Ég hef á starfsferli mínum unnið undir stjórn þriggja lögreglustjóra, Sigurjóns Sigurðssonar, Böðvars Bragasonar og nú Stefáns Eiríkssonar. Þrír gerólíkir menn með jafnólíkar áherslur.

Nú, ég var sendur í lögregluskólann um haustið 1985 og kláraði nám frá honum í maí 1987. Skólinn var á þeim árum í austurenda lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu, þ.a. það var ekki um langan veg að fara. Strax í maí 1987, að loknu námi í lögregluskólanum, fór ég á sérsveitarnámskeið. Í sérsveit lögreglunnar starfaði ég síðan þar til í nóvember 1992 er ég fluttist yfir í ávana- og fíkniefnadeild. Á fyrstu árum mínum í sérsveitinni var ekki um að ræða sérútbúna bíla, eins og eru í umferð í dag. Við vorum hluti af almennu deildinni og unnum þar eins og aðrir lögreglumenn. Æfingar voru reglubundnar en þær tóku mannskap úr almennri löggæslu. Það var svo nokkru áður en ég hætti í sérsveitinni að okkur tókst að koma á því fyrirkomulagi að við vorum skráðir tveir og tveir saman á lögreglubifreið á hverri vakt og vorum við með persónulegan búnað okkar, þ.m.t. vopn, í farangursgeymslu bifreiðarinnar.

Ég starfaði í fíkniefnadeildinni frá 1992 til 1998 en þá var ég fluttur, hreppaflutningum og án þess að við mig væri rætt um það á einn eða annan hátt, yfir í innbrotadeildina. Árin í fíkniefnadeildinni voru, eins og gefur að skilja, afar áhugaverð. Það var mikið um yfirvinnu enda þessi málaflokkur þess eðlis að hann krefst mikillar yfirlegu utan hins hefðbundna vinnutíma „venjulegs“ fólks.

Ég staldraði stutt við í innbrotadeildinni því nokkrum mánuðum síðar bað ég um flutning yfir í upplýsinga- og eftirlitsdeild, eins og hún hét þá. Sú deild átti, líkt og innbrotadeildin, að starfa náið með fíkniefnadeildinni enda báðar deildirnar að eltask við sama brotafólkið. Upplýsinga- og eftirlitsdeildin átti svo, eins og nafnið bendir til, að vera eins konar upplýsingamiðstöð fyrir tvær áður nefndar deildir og einnig að sjá um eftirlit með brotafólki. Þessar þrjár deildir voru staðsettar á sömu hæðinni á lögreglustöðinni við Hverfisgötu einmitt í þeim tilgangi að auðvelda




Formenn LL og TFÍ í kröfugöngu 1. maí sl.

dagleg samskipti milli þeirra. Þessi skipan átti að komast á 1997 þegar RLR var lögð niður en vegna ýmissa smákóngra gekk þetta skipulag ekki eftir, eins og það var lagt niður á teikniborðið. Það að þetta fyrirkomulag skyldi ekki ganga eftir var afar óheppilegt, að mínu viti, svo ekki sé kveðið fastar að orði.

Á þessum árum var lögreglan farin að taka þátt í löggæsluverkefnum á vegum Sameinuðu þjóðanna í Bosníu og Herzegovínu. Nokkrir lögreglumenn höfðu verið sendir, sem hluti af dönsku lögreglusveitinni sem starfaði þarna. Þessir íslensku lögreglumenn störfuðu í dönskum einkennisfötum en með íslenska fánann ásaumaðan í stað þess danska. Ég hafði, allt frá fyrstu árum mínum í lögreglunni, haft gríðarlegan áhuga á því að starfa á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en af fjölskylduástæðum gat ekki orðið af því. Það var svo þegar farið var að senda íslenska lögreglumenn til starfa á Balkanskaganum að áhuginn kviknaði aftur og nú höguðu aðstæður því þannig að ég gat slegið til. Ég vildi hins vegar ekki fara út með fyrstu hópnum því ýmis launa- og skattaleg atriði voru óklár. Ég lét svo slag standa árið 1998 og fór á námskeið til Danmerkur. Í janúar 1999 var ég svo sendur til Bosníu og Herzegovínu þar sem ég starfaði í rétt rúmt ár. Sá hópur, sem ég fór út með, var fyrsti hópur íslenskra lögreglumanna, sem starfaði í íslenskum einkennisfatnaði. Ég var valinn til starfa í aðgerðastjórn alþjóðalöggæslusveita Sameinuðu þjóðanna, sem staðsett var í Sarajevo, höfuðborg

Á fyrstu árum mínum í sérsveitinni var ekki um að ræða sérútbúna bíla, eins og eru í umferð í dag. Við vorum hluti af almennu deildinni og unnum þar eins og aðrir lögreglumenn. Æfingar voru reglubundnar en þær tóku mannskap úr almennri löggæslu. Það var svo nokkru áður en ég hætti í sérsveitinni að okkur tókst að koma á því fyrirkomulagi að við vorum skráðir tveir og tveir saman á lögreglubifreið á hverri vakt og vorum við með persónulegan búnað okkar, þ.m.t. vopn, í farangursgeymslu bifreiðarinnar.





Monrovía í Líberíu

Það sem kom mér einna mest á óvart, á þeim árum sem ég vann hjá Sameinuðu þjóðunum er hversu gríðarlega mikil áhrif pólitík hefur á allt það starf sem þar er unnið. Það má enda lesa um það fjölda bóka hvernig þessi pólitísku áhrif og oft á tíðum átök innan stofnunarinnar hafa orðið þess valdandi að hundruð þúsunda saklausra einstaklinga hafa látið lífið.

Bosníu og Herzegovínu. Þar vann ég mig upp í það að vera staðgengill varalögrelustjóra og gegndi ég reyndar því starfi beint um nokkurn tíma.

Á þessu ári, sem ég vann í Bosníu og Herzegovínu komst ég í kynni við innra starf Sameinuðu þjóðanna og fór það svo að ég var sérstaklega beðinn um að sækja um starf hjá öryggisgæslu SP – UN Security – sem er eins konar innanhússlögregla samtakanna. Ég sótti um starf hjá SP stuttu áður en starfstíma mínum lauk í Bosníu og Herzegovínu en heyrði svo ekki meir af því fyrr en tæpu ári síðar að ég fékk tilboð um ráðningu. Í apríl 2001 hélt ég svo til starfa í Kósóvó en þar vann ég í rúm tvö ár. Í ágúst 2003, þegar ég var heima á Íslandi í fríi, fékk ég símhringingu þar sem ég var beðinn um að fara niður til Afríku, n.t.t. Líberíu, þar sem ég átti að taka að mér undirbúning nýs friðargæsluverkefnis sem þar var að fara í gang. Var ég jafnframt beðinn um að taka að mér stöðu yfirmanns öryggisgæslunnar í þessu nýja verkefni, Chief Security Officer. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um þá staðreynd að þetta var afar krefjandi starf og gríðarleg vinna. Jafnframt var starfið ákaflega gefandi og fróðlegt, sem og starfið sem ég gegndi í Kósóvó. Það eru í raun engin orð sem geta lýst því hvernig það er að koma inn í lönd þar sem borgarastyrjöld hefur geislað, taka þar þátt í uppbyggingarstarfi, halda utan um öryggi starfsmanna þeirra stofnana sem vinna í viðkomandi löndum og búa þar og lifa við nánast sömu kjör og innfæddir enda allir innviðir samfélagsins í molum.

Það sem kom mér einna mest á óvart, á þeim árum sem ég vann hjá Sameinuðu þjóðunum er hversu gríðarlega mikil áhrif pólitík hefur á allt það starf sem þar er unnið. Það má enda lesa um það fjölda bóka hvernig þessi pólitísku áhrif og oft á tíðum átök innan stofnunarinnar hafa orðið þess valdandi að hundruð þúsunda saklausra einstaklinga hafa látið lífið. Maður verður enda áþreifanlega var við þetta þegar komið

er inn í bæi eins og t.d. Srebrenica í Bosníu og Herzegovínu þar sem þúsundir manna, kvenna og barna voru myrtar framan við nefið á Sameinuðu þjóðunum. Sama á við þegar fyrir framan þig situr einstaklingur, sem þú veist að myrt hefur fjölda saklausra borgara og þessi sami einstaklingur, sem kveðst vera endurfæddur til nýs lífs, í krafti trúar sinnar, fer að biðja fyrir sálu þinni.

John Bolton, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna hjá SP, lét einhvern tímann hafa eftir sér í viðtali að það myndi engin áhrif hafa á starfsemi stofnunarinnar þótt tíu efstu hæðir höfuðstöðva þeirra í New York yrðu fjarlægðar. Hafandi unnið innanborðs hjá SP í þetta langan tíma fær mann að mörgu leyti, því miður, til að vera sammála þessari fullyrðingu.

Á sumarmánuðum 2005 var komið að því að taka ákvörðun um það hvort ég ætlaði að eyða því sem eftir væri af starfsævi minni hjá Sameinuðu þjóðunum og þar með meira eða minna búa á ferðatösku næstu áratugi eða hvort halda skyldi heim á leið. Þessi ákvörðun var ekki erfið í sjálfu sér og í júní 2005 hætti ég störfum hjá SP og fluttist aftur heim til Íslands. Það var svo í ágúst 2005 að ég hóf aftur störf í lögreglu og að þessu sinni aftur í innbrotadeildinni. Við heimkomuna og endurkomuna í mitt gamla starf, eftir rúmlega fjögurra ára fjarveru, kom mér einna mest á óvart að uppgötva hversu lítið hafði breyst til hins betra hvoru tveggja í starfsumhverfi lögreglu og ekki síður í kjaramálunum.

Ég hef alltaf verið frekar pólitískur sjálfur og ekkert farið leynt með þær skoðanir mínar frekar en aðrar. Ég haga enda lífi mínu að mestu eftir þeirri heimpeki að ef þú vilt ekki fá að heyra álit mitt færi best á því að leita ekki eftir því þar sem skoðanir mínar viðra ég umbúðalaust ef leitað er eftir þeim. Þetta lífsviðhorf mitt hefur, oftar en ekki, aflað mér óvinsælda en ég lít hins vegar þannig á að lífið sé of stutt til að vera að eyða því í að típla á tánum í kringum fólk þegar mínar skoðanir eru annars vegar.

Árið 1998 ákvað ég að gefa kost á mér í prófkjör fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Seltjarnarnesi. Nú, það er skemmst frá því að segja að flokkurinn sigraði í þeim kosningum með yfirburðum og bætti við sig einum manni í bæjarstjórn. Þar með var ég orðinn varabæjarfulltrúi og sem slíkur settur í formennsku og sem fulltrúi flokksins í hinar ýmsu nefndir á vegum bæjarins. Pólitískt starf mitt, í þetta skiptið, varð reyndar styttra en ég hafði í upphafi ætlað mér þar sem ég fór til starfa hjá Sameinuðu þjóðunum í byrjun árs 1999.

Um hrið átti ég sæti í stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur í kjölfarið á því að Björn Gíslason, „Bassi“ heitinn, sem var bekkjarbróðir minn í lögregluskólanum, setti saman lista gegn lista uppstillingarnefndar. Það var nú reyndar þannig að listinn sem Bassi setti saman kom fram á undan lista uppstillingarnefndar, sem gerði sér svo lítið fyrir og setti mig, ásamt öðrum af lista Bassa, á lista uppstillingarnefndar og það án þess að leita eftir okkar samþykki fyrir því. Það var því alveg óhjákvæmilegt að ég yrði í stjórn LR. Ég hætti öllum afskiptum mínum af félagsmálum innan raða lögreglumanna eftir nokkurn tíma í stjórn LR þar til nú að ég ákvað að setja saman lista til stjórnarkjörs hjá LL.“

Af hverju rannsóknarlögreglumaður?

„Það var nú eiginlega tilviljun ein sem réði því en þannig var að þegar ég hætti í sérsveitinni á sínum

tíma árið 1992 var ljóst að með því að fara inn á vaktirnar, sem almennur lögreglumaður, eins og við blasti þá, myndi ég lækka talsvert í launum. Það varð því úr að mér var boðið að flytjast yfir í ávana- og fíkniefnadeildina en þar hélt ég svo að segja sömu launum. Þarna kemur, að mínu viti, fram hversu meingallað þetta launa- og starfsstigakerfi okkar er. Það getur ekki talist eðlilegt að lögreglumaður með áratugareynslu hætti, eftir einhvern árafjölda í starfi, að hækka í launum. Við erum kannski að horfa á lögreglumann, sem vill starfa á götunni meðal fólks, vill sinna þeirri gefandi vinnu í stað þess að fara inn á einhverja skrifstofu uppi á hæðum nú eða sækjast eftir einhverjum vegtyllum og stjórnunarábyrgð sem felst í því að verða t.d. varðstjóri eða þaðan af hærra. Hérna hljótum við að verða að umbuna viðkomandi þá alúð og ræktarsemi sem hann leggur við starf sitt og horfa hvoru tveggja til þeirrar gríðarlegu starfsreynslu og þekkingar sem viðkomandi aflar sér. Það þyrfti, að mínu viti, að koma á einhvers konar launakerfi sem umbunar meira, hvoru tveggja byggt á starfsaldri í lögreglu og þeirri menntun og reynslu sem menn afla sér í starfinu. Það er rétt að taka það fram hér að mín skoðun er sú að við öll, í þessari starfsstétt, erum lögreglumenn og skiptir engu máli hvaða forskeyti er framan við það orð.“

Snúum okkur nánar að málefnum lögreglunnar en fyrst er spurt út í kosningarnar þar sem listi Snorra hlaut 70% en listi uppstillingarnefndar 30%.

Kom þessi glæsilegi sigur á óvart?

„Sigurinn, sem slikur, kom mér í sjálfu sér ekki á óvart því ég hafði heyrt gríðarlega jákvæðan tón hjá lögreglumönnum almennt til þess lista sem ég leiddi. Það kom mér hins vegar verulega á óvart hversu afgerandi hann var. Þessi úrslit eru líka skýr skilaboð félagsmanna til okkar, um að vilji þeirra standi til breytinga og þess að LL verði meira áberandi í þjóðfélaginu.“

Þetta mikla traust, sem fram kemur í úrslitunum, er líka sterk áminning til okkar, sem stöndum að þessum lista, um að standa okkur sem best við megum og getum.“

Hvað telur þú hafa verið lykilinn að þessum árangri?

„Ég held að lykillinn að þessum góða árangri okkar sé sá að við förum í gang með góða kynningu á okkur sjálfum, hverjar áherslur við, hvert og eitt, höfum og stutt, hnitmiðuð og skýr markmið, sem við vildum sjá unnið að. Þetta ásamt þeirri staðreynd að á listanum er ungt, sterkt og efnilegt fólk, listinn er mjög



dreifður – starfsstigalega séð – og listinn er samsettur af lögreglumönnum, sem lýst hafa sig reiðubúna til að fylgja eftir stefnumálum listans er klárlega það sem gerði úrslitin eins skýr og þau voru.“

Áherslur framboðsins

„Við leggjum höfuðáherslu okkar á að ná fram verulegri hækkun grunnlauna.“

Við ætlum okkur að fylgja eftir, af festu, frekari lækkun eftirlaunaaldurs lögreglumanna og skoða það sérstaklega að þeir, sem enn starfa eftir svokallaðri 95 ára reglu, geti hætt á fullum eftirlaunum þegar 95 árunum er náð. Eftir því sem ég kemst næst eru ekki ýkjarmargir lögreglumenn enn við störf sem falla í þennan flokk og því kannski ekki um háar upphæðir að ræða sem kæmu til útgjalda fyrir hvoru tveggja ríki og lífeyrissjóð. Það er hins vegar alveg ljóst að þeir lögreglumenn, sem hafa náð þessum 95 árum og verið í þessu sama starfi í áratugi, hafa skilað sínu og miklu miklu meira til.

Þá munum við að sjálfsögðu fylgja eftir þeim markmiðum okkar að lögregluskólanum verði gert það kleift að eflast enn frekar og að hægt verði að halda úti þeim háleitu markmiðum sem stjórnendur skólans hafa sett sér með t.d. góðu framboði náms í framhaldsdeild skólans. Til þessa þarf að koma til aukið fjármagn, sem við höfum mikinn vilja til að beita okkur fyrir að fáist. Aukin menntun lögreglumanna verður seint ofmetin og mun klárlega skila sér í enn hæfara starfsfólki í lögreglu og í bættum launakjörum

Við ætlum okkur að fylgja eftir, af festu, frekari lækkun eftirlaunaaldurs lögreglumanna og skoða það sérstaklega að þeir, sem enn starfa eftir svokallaðri 95 ára reglu, geti hætt á fullum eftirlaunum þegar 95 árunum er náð.



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Reykjavík

Alkul ehf.
Funahöfða 7
Arctic trucks ehf
Kletthálsi 3
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Atorka ehf - Verktakar og véraleiga
Vættarborgum 117
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
BGI málarar
Brekubæ 17
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaeigian AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílaverkstæði Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bílvirkinn
Súðarvogi 46
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Bón-Fús
Flétturima 27
Brynjólfur Eyvindsson hdl
Kringlunni 7,
BSRB
Grettisgötu 89
Caffi Victor ehf.
Hafnarstræti 1-3
Carpe diem - P.P. Veitingar ehf.
Rauðarárstíg 18
Dreifing ehf.
Vatnagörðum 8
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vítastíg 13
Eico ehf.
Skútuvgi 6
Elcon ehf.
Grandagarði 1b
Endurskoðun Hjartar Pjetterssonar ehf.
Súðarvogi 7
Farmur ehf. Flutningaþjónusta
Fljótaseli 36
Fasteignasalan Borgir ehf.
Ármúla 1
Fasteignasalan Garður
Skiptiholti 5
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17

Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
FoodCo ehf
Bolholti 4
Frjálslyndi flokkurinn
Skúlatúni 4
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Gerpír ehf.
Laugavegi 22
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Gjörvi ehf.
Grandagarði 18
Glóbus hf.
Skútuvgi 1f
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grimshaga 3
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gunnar Helgason hrl.
Vesturgötu 7 íb. 208
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Happahúsið
Kringlunni 4-12
Hertz bílaeiga
v/ Flugvallarveg
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Austurstræti 10a
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
HU - Vegamót
Vegamótastíg 4
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Húsgagnavinnustofa Guðmundar Ó. Eggertss
Heiðargerði 76
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
Innheimtustofnun sveitarfélaga
Lágmúla 9, 5.hæð
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15, box 9351

Kjaran ehf.
Síðumúla 14
Kjötsmiðjan ehf.
Fosshálsi 27
Knattborðsstofan Klöpp
Faxafeni 12
Knattspyrnusamband Íslands
Laugardal
Kópsson ehf
Hyrjarhöfða 4
KPMG hf.
Borgartúni 27
Lagaping sf Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
Landssamtök Sauðfjörðbænda
Bændahöllinni v/Hagatorg
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Listasafnið Hótel Holt ehf.
Bergstaðastræti 37
Lífland
Korngörðum 5
Lækjarbrekka
Bankastræti 2
Lögfræðistofa Sóleyjargata
17 sf.
Sóleyjargötu 17
Lögmannastofa Helgu Leifsdóttur
Langholtsvegi 89
Lögmannsskrifstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl.
Skiptiholti 50b
Málarakompaníið ehf
Fornastekk 3
Múli ehf
Hagamelur 21
Múr- og málningarþjónustan
Höfn ehf.
Réttarhálsi 2
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nortek ehf.
Eirhöfða 13
Nýja kökuhúsið Kringlunni
Kringlunni 8-12
Oliudreifing ehf.
v/Kleppsmýrarvegi
Ottó B. Arnar ehf.
Skiptiholti 17
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Prikað
Bankastræti 12
Pústþjónustan Ás ehf
Nóatúni 2
Rafco ehf.
Skeifunni 3
Rafiðnaðarskólinn ehf
Skeifunni 11b
Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23
Rafvakinn sf.
Mánatúni 2°
Rafþjónustan
Klapparbergi 17

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
Ríkiskaup
Borgartúni 7
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Sesarvideó
Grensásvegi 14
Sjálfstæðisflokkurinn
Háaleitisbraut 1
Sjómannaheimilið Örkin
Brautarholti 29
SKALLI
Grjóthálsi 8
Skipasalan ehf.
Malarhöfða 2
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Smith & Norland hf.
Nóatúni 4
Sportbarinn ehf.
Álfheimum 74
Steingrímur Pormóðsson hrl.
- Lögmenn Árbæ
Nethyl 2
Stilling hf.
Kletthálsi 5
Suzuki bílar hf.
Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
Sveinsbakarí ehf.
Arnarbakka 4-6
Söluturninn Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27 5hæð
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Síðumúla 21
Turnar ehf
Háaleitisbraut 66
Tölvu- og verkfræðiþjónustan
Grensásvegi 16
Útfararstofa kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2
Útfararþjónustan ehf.
Fjarðarási 25
Varahlutaverslunin
Kistufell ehf.
Brautarholti 16
Varmavélar ehf
Skiptiholti 68
VDO - verkstæði ehf.
Borgartúni 36
Veidihúsið Sakka ehf.
Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið
Hafnarstræti 15
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11



p.á þessi markmið haldast afar vel í hendur.

Það eru gríðarlega mörg mál, önnur, sem við viljum láta til okkar taka en það yrði of langt mál til upptalningar í blaðgrein sem þessari.“

Staða lögreglunnar um þessar mundir

„Frá því að ég hóf störf í lögreglunni á haustmánuðum 1984 hefur gríðarlega margt breyst, sumt til batnaðar annað ekki. Ég get nefnt sem dæmi að á hverri vakt í Reykjavík, en vaktirnar voru fjórar, voru yfir þrjátíu lögreglumenn þegar ég hóf störf. Þá eru ótaldir umferðardeild lögreglunnar og slysarannsóknardeild – SRD eins og hún var skammstöfuð á þeim tíma. Þessi mannskapur var við vinnu bara í Reykjavík en lögreglan í Hafnarfirði sá um löggæslu á Seltjarnarnesi sem og í Mosfellsbæ og upp í Hvalfjarðarbotn. Lögreglan í Kópavogi sá náttúrulega um sitt svæði. Á þessum árum voru þrjár lögreglumenn á hverri vakt skráðir á fjarskiptamiðstöð lögreglunnar í Reykjavík og fjórir jafnvel fimm um helgar. Enn og aftur var bara um Reykjavík að ræða.

Á þessum tíma var rannsóknarlögregla ríkisins, RLR, enn við lýði en þar voru eitthvað í kringum 50 rannsóknarlögreglumenn við störf á landsvísu, ef ég man tölurnar rétt. Þar að auki voru starfræktar rannsóknardeildir í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um stöðuna eins og hún er nú en í ljósi þess sem ég nefndi hér á undan getur hver fyrir sig borið þetta saman. Með þessu er ég ekki að segja að sá fjöldi lögreglumanna sem var við störf er ég byrjaði sé sú gullna og rétta tala sem miða á við, ég er einungis að nefna staðreyndirnar eins og þær voru og benda mönnum á að skoða hlutina eins og þeir eru nú.“

Afstaða til sameiningarinnar

„Mín skoðun er sú að sameining lögregluembættanna hafi verið fyrir löngu tímabær. Ég er þó þeirrar skoðunar að ekki hafi verið gengið nógu langt í þessu sameiningarferli. Þá er ég einnig þeirrar skoðunar að sameina hefði átt sýslumannsembætti í leiðinni. Staðan hér á höfuðborgarsvæðinu er

Frá innsetningu forseta Líberíu, þinghúsið í baksýn.

„Mín skoðun er sú að sameining lögregluembættanna hafi verið fyrir löngu tímabær. Ég er þó þeirrar skoðunar að ekki hafi verið gengið nógu langt í þessu sameiningarferli.



Sameiningin átti að skila aukinni sýnilegri löggæslu, bættari þjónustu við þá sem búa og starfa á löggæslusvæðunum o.s.frv. Af fréttum liðinna vikna og mánaða má ráða að þessi markmið hafi ekki gengið eftir sem skyldi.

Meðal uppreisnarmanna

skólabókardæmi, að mínu mati, um það að hægt hefði verið að ná fram enn meiri hagræðingu og sparnaði í stjórnsýslunni með því að sameina sýslumennina þrjá í einn. Hagræðingu, sem að mínu viti hefði skilað sér í betri og skilvirkari þjónustu við borgarana og sparnaði sem nýta hefði mátt til eflingar löggæslunnar hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessa leið hefði eflaust mátt fara víðar um landið enda samgöngur og samskipti öll önnur en voru þegar núverandi skipan sýslumannsembætta var komið á.

Það að halda það, strax í upphafi, að jafnvíðamiklar breytingar og var farið út í á skipan löggæslunnar í landinu myndu ekki hafa í för með sér einhvern aukakostnað eða þá að sá aukakostnaður, sem af þessu hlytist yrði dekkjaður af þeirri hagræðingu sem í sameiningunni fælist, var gríðarlegt vanmat af hálfu þeirra sem unnu að þessari sameiningu. Þá er ég og þeirrar skoðunar að meiri og lengri undirbúningsvinnu hefði verið þörf fyrir sameininguna. Hér horfi ég til þess að ráða hefði átt alla þá sem þurfti til að stýra þessum nýju sameinuðu embættum á sama tíma og þeir unnið eingöngu að sameiningarmálunum í einhverja mánuði áður en til eiginlegrar sameiningar kæmi.

Það er alltaf erfitt að vera mikið að hræra í hlutum sem á annað borð er búið að hrinda í framkvæmd og því betra, að mínu viti, að eyða lengri tíma í allan undirbúning.

Í húsasmíðinni, sem ég lærði á sínum tíma, er

gjarnan lögð á það áhersla að menn mæli tvisvar til þrisvar með tommustokknum áður en sagað er því timburstrekkljarar eru jú ekki til. Það hlýtur líka alltaf að vera erfitt að koma fram í fjölmíðlum og biðja um hvoru tveggja, meira fjármagn og mannskap til að sinna því sem manni hefur verið falið að sinna, sérstaklega ef maður hefur áður sagt að hvorugt vanti, fjármagn eða mannskap.

Sameiningin átti að skila aukinni sýnilegri löggæslu, bættari þjónustu við þá sem búa og starfa á löggæslusvæðunum o.s.frv. Af fréttum liðinna vikna og mánaða má ráða að þessi markmið hafi ekki gengið eftir sem skyldi. Þarna held ég að tvennt komi til, annars vegar það að undirbúningsstíminn, sem menn ætluðu sér í breytingarnar og ég kom inn á hér áður, var of stuttur og kostnaðurinn við sameininguna stórlega vanmetinn.

Við sameininguna átti einnig að efla og styrkja svokölluð lykilembætti og áttu t.d. sérstakar rannsóknardeildir að vera starfræktar við slík embætti. Það sér það hver maður að rannsóknardeild, sem mönnuð er kannski fjórum til fimm rannsóknarlögreglumönnum mun aldrei geta náð þeirri sérhæfingu sem tæplega sjötíu manna rannsóknardeild getur náð t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu. Nú, ef vilji stjórnvalda stendur til þess að efla rannsóknardeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þ.a. hún verði í stakk búin til að veita einhvers konar rannsóknaraðstoð til minni embætta úti um landið



Þá þurfa augljóslega að koma til auknar fjárheimildir til þess embættis. Þar með værum við í raun farin að horfa til baka til þess tíma er RLR var og hét. Ég man reyndar ekki betur en varað hafi verið við niðurlagningu RLR, á sínum tíma, einmitt á þeim forsendum að minni embættin yrðu síður í stakk búin til að fást við rannsóknir stærri mála, tæknideildir þeirra yrðu aldrei nógu öflugar og þar með væri verið að skapa hættu á lakari rannsóknum utan þeirra staða þar sem stærstu rannsóknardeildirnar starfa.

Kannski það þurfi að fara í það að snúa gangverkinu að einhverju leyti til baka til þess skipulags er ríkti fyrir niðurlagningu RLR“

Hugmyndir Snorra um starfsemi LL og þjónustu við félagsmenn

„Með þessari kosningu til stjórnar LL, sem í fyrsta sinn var framkvæmd með þessu móti, var stigið mikið framfaraspor í sögu landssambandsins, að mínu mati. Nú fyrst gafst hinum almenna félagsmanni tækifæri til þess að hafa bein áhrif á það hver yrði í forsvari stéttarfélags ALLRA lögreglumanna.

Ég er þó þeirrar skoðunar að ganga þurfi enn lengra í lýðræðisátt innan landssambandsins og þá á þann veg að auglýst verði sérstaklega eftir áhugasömum lögreglumönnum til að taka að sér störf í þágu landsambandsins og setu í stjórn áður en til þess kemur að einhver uppstillingarnefnd raði niður á lista sem enginn, nema þeir sem sitja í þeirri nefnd, hefur tök á að hafa áhrif á. Það ætti miklu frekar að vera hlutverk slíkrar uppstillingarnefndar að tryggja það að nægilegur fjöldi félagsmanna hafi boðið sig fram til starfa fyrir landssambandið til að tryggt sé að kosningar fari fram. Þannig fyrirkomulag er í velflestum þeim félögum og samtökum sem ég þekki til og má nefna sérstaklega í þessu samhengi samtök kennara.

Þá er það alger forsenda að um einstaklingskosningar sé að ræða og allir, formaður og stjórnarmenn, séu kosnir sér kosningu. Þannig mætti t.d. hugsa sér uppröðun í stjórn LL út frá atkvæðamagni á bak við hvern þann sem býður sig fram til trúnaðarstarfa fyrir landssambandið. Þetta fyrirkomulag þyrfti þó að skoða vel og ígrunda áður en því yrði hrint í framkvæmd til að tryggja hag allra félagsmanna hvaðan af landinu sem þeir koma. Við hljótum í þessu sambandi að geta horft til kollega okkar á Norðurlöndunum sem og hliðstæðra félagasamtaka hér á landi.

Hlutverk LL er skilgreint nokkuð vel í 12 liðum í annari grein laga LL. Númer eitt, tvö og þrjú er LL ætlað að standa vörð um áunnin réttindi félagsmanna. Ekki síður mikilvægt hlutverk er að sameina ALLA lögreglumenn innan vébanda landssambandsins. Þetta hlutverk tek ég alvarlega og mun vinna að af krafti.

Ég legg á það gríðarlega áherslu að halda félags-



mönnum vel upplýstum um það sem í gangi verður hverju sinni hjá nýrri stjórn LL. Landssambandið er jú fyrir félagsmenn og tilkomið þeirra vegna en ekki öfugt. Hérna mun ég beita mér fyrir því sérstaklega að efla heimasíðu LL og gera hana gagnvirka, m.a. með því að koma upp lokuðum spjallborðum, fyrir lögreglumenn, um hin ýmsu málefni sem brenna á þeim. Hér mun verða þörf á öflugum félagsmönnum til að halda utan um þetta starf og leiða það.

Við verðum einnig að horfa til þess sérstaklega að stjórn LL, á hverjum tíma, er aldrei sterkari en samstöðumáttur félagsmanna. Sameinaðir og sterkir geta lögreglumenn áorkað gríðarlega miklu en sundraðir engu. Þetta hefur berlega verið sýnt fram á í þeim aðgerðum sem LL hefur komið að í gegnum tíðina. Hér má nefna uppsagnir lögreglumanna hjá



Sérsveit lögreglunnar í Reykjavík

Við verðum einnig að horfa til þess sérstaklega að stjórn LL, á hverjum tíma, er aldrei sterkari en samstöðumáttur félagsmanna. Sameinaðir og sterkir geta lögreglumenn áorkað gríðarlega miklu en sundraðir engu.

Í háttðarbúningi



Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Vernd - Fangahjálpl
Laugateigur 19
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélaborg ehf.
Krókhálsi 5f
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvegi 1c
Vélaver hf.
Krókhálsi 16
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Vélvík ehf.
Höfðabakka 1
Vífíll hf.
Stuðlahálsi 1
Pórtak ehf.
Brúnastöðum 73
Prír frakkur - Hjá Úlfari
Baldursgötu 14

Seltjarnarnes

Austurströnd ehf.
Austurströnd 14
Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Kjöll og Hvítt ehf.
Eiðistorgi 13-15
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2

Vogar

Steinhreinsun ehf.
Aragerði 8
Sveitarfélagið Vogar
löndal 2

Kópavogur

Alark arkitektar
Dalvegi 18
Arnarverk ehf.
Kórsölum 5
Aukin Umsvif ehf.
Fífulind 13
Áferð ehf.
Blásölum 10
Átak ehf. - bílaleiga
Smiðjuvegi 1
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns
Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bílar og tjón
Skemmuvegi 44m
Bílasprautun og réttingar
Auðuns
Nýbýlavegi 10
Bílaverkstæði Kjartans og
Þorgeirs sf.
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaþvottastöðin Löður ehf.
Bæjarlind 2
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34

Bílstál ehf.
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Bláfugl
Hlíðasmára 15
Blikkarinn hf.
Auðbrekku 3-5
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Byggðaþjónustan,
bókhald og ráðgjöf
Auðbrekku 22 box 97
DATEK-ÍSLAND ehf.
Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf.
Bröttutungu 9
Einar Beinteins ehf. -
Dúkalagnir- og Veggfóðrun
Grófarsmára 8
Elnet tækni ehf.
Dalvegi 16b
Félagsþjónusta Kópavogs
Fannborg 4
Goldfinger
Smiðjuvegi 14
Grasavinafélagið
Gunnarshólma
Gunnarshólma
Hafið - Fiskiprinsinn
Hlíðasmára 8
Hótel Smári
Hlíðasmára 13
Ísfiskur ehf.
Hafnarbraut 27
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Jón og Salvar ehf
Smiðjuvegi 44
KB ráðgjöf
Hlíðasmára 17
Kjarnagluggar sf.
Skemmuvegi 46
Kornið ehf^o
Hjallabrekku 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Köfunarþjónusta Árna
Kópssonar
Hafnarbraut 10
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Lakkskemman ehf.
Skemmuvegi 30, blá gata
Landvélar ehf.
Smiðjuvegi 66 rauð
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurharf 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4

Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sérverk ehf.
Askalind 5
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf.
Stórahjalla 2
Sólning hf.
Smiðjuvegi 68-70
Stigalagerinn ehf.
Dalbrekku 26
Tækniþjónusta
Jóns R. Sigmundssonar
Bæjarlind 14
Verkfræðistofa Erlends Birg-
issonar
Bæjarlind 4
Verkfræðistofa Snorra Ingi-
marssonar ehf.
Hamraborg 11
Vidd ehf.
Bæjarlind 4
www.mannval.is - Mannval
ráðningaþjónusta
Pósthólf 484
Pvegillinn
Fífuhjalla 3
Ökukennsla Sigurðar Þor-
steinssonar
Bollasmára 8

Garðabær

66° Norður
Sjóklæðagerðin hf.
Miðhrauni 11
Dráttarbílar
Skeiðarási 4
Dýraspítalinn
í Garðabæ
Kirkjulundi 13
Elektra ehf.
Lyngási 11
Garðabær
Garðatorgi 7
Garðasókn - Vídalínskirkja
Kirkjuhvoli
Hafnasandur hf.
Birkíás 36
IKEA - Miklatorg hf.
Kauptúni 4
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Krókur bílastöð ehf
Suðurhrauni 3
Loftorka ehf.
Miðhrauni 10
Miklir menn ehf
Hrísolti 13
Tækni - Stál ehf
Suðurhrauni 2
Würth á Íslandi hf.
Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf.
Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Air care Icelandic-Erker Íslandi
Blómvangi 1
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Bátaraf
Box 52, Suðurgötu 106
Bílaleiga Atlas Europcar
Hjallahrauni 9
Bílaspítalinn ehf.
Kaplahauni 1
Bæjarbakari ehf.
Bæjarhrauni 2
Fasteignasalan
Hraunhamar ehf.
Bæjarhrauni 10
Feðgar ehf. - Byggingaverk-
takar
Brekutröð 1
Fínþússing ehf.
Rauðhelli 13
Fjarðargrjót ehf.
Furuhlið 4
Fjúkrkráin ehf.
Strandgötu 55
Fura málmendurvinnslan ehf.
Hringhelli 3
G.P. Kranar ehf
Skútahrauni 2a
Héraðsdómur Reykjaness
Fjarðargötu 9
Hlaðbær Colas hf.
Gullhelli 1
Holtanesti
Melabraut 11
Hvalur hf.
Reykjav.veg 48 Box 233
Klettur, verktakar
Fornubúðir 5
Klæðning ehf.
Reykjavíkurvegi 68
Lipurð ehf.
Hjallahrauni 4
Lögmannsstofa Rúnars
S. Gíslasonar
Bæjarhrauni 6
Lögmenn Hafnarfirði ehf.
Reykjavíkurvegi 60
Nýsir hf.
Reykjavíkurvegi 74
Rafhitun ehf.
Kaplahauni 7a
Reebok Ísland ehf
Drangahrauni 4
Sílo Gröfuþjónusta ehf
Teigabyggð 3
Sportbarinn.is
Flatahrauni 5a
Suðurverk hf.
Drangahrauni 7
Suzuki umboðið ehf
Kaplahauni 1
Tveir bræður ehf
Blómvang 18
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27



lögreglunni í Reykjavík fyrir fjöldamörgum árum og einnig kröfugöngur og –stöður í aðdraganda kjarasamninga.

Mér finnst rétt hér að benda hverjum og einum félagsmanni á að skoða samvisku sína sérstaklega í þessu ljósi.“

Skipulagning og undirbúningur kjarasamningaviðræðna

„Nú, á komandi þingi LL, verður línán lögð fyrir kjarasamningaviðræður með haustinu. Ég geri ráð fyrir því að sá undirbúningur, sem nú fer í hönd, verði svipaður og verið hefur. Skipulag þeirrar vinnu sem fyrir liggur mun líka að mestu leyti verða í föstum skorðum. Þó er alveg kristaltært af minni hálfu að ég mun leita til hins almenna félagsmanns með hugmyndir að áherslum í komandi kjaraviðræðum og hef reyndar nú þegar gert það, bæði í aðdraganda kosninganna til stjórnar LL, sem og eftir að úrslitin urðu skýr.

Félagsmenn geta sent mér tölvupóst beint þar sem þeir geta komið að sínum málum og eins geta þeir lagt sitt lóð á vogarskálarnar með því að setja inn athugasemdir á blogg-síðuna sem sá listi, sem ég leiddi kom sér upp en hún er enn virk og verður áfram. Slóðin á síðuna er www.ll.bloggar.is.

Ég hef nú þegar setti fundi í réttindanefnd BSRB og með samninganefnd ríkisins þ.a. starfið er þegar hafið.

Þá má nefna það hér að ég hef þegar átt mjög gagnlegan fund með dómsmálaráðherra og hlakka til að eiga hreinskiptið samband við hann líkt og við áttum á þeim fundi sem ég sat og í anda þess sem ég sagði hér fyrir í þessu viðtali um þá heimspeki sem ég vinn eftir.“

Launa- og starfsumhverfi lögreglumanna

„Ég er þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi að einhverju eða jafnvel öllu leyti launa- og starfsumhverfi lögreglumanna.

Hér á ég sérstaklega við það að sérstaða stéttarinnar kemur hvergi nægilega fram í þeim samningum,



Með vinnufélaga í Kosovo

sem undirritaðir hafa verið hingað til, og þetta gerist þrátt fyrir að öllum sé hún ljós, bæði okkar félagsmönnum, okkar viðsemjendum, almenningi og ekki síst löggjafanum.

Ég fullyrði að fáar starfsstéttir aðrar hér á landi þurfa að uppfylla viðlíka kröfur, hvort tveggja áður en starf er hafið, í undirbúningsferli fyrir starf – hér á ég við lögregluskólann – og ekki síst þegar út í sjálft starfið er komið. Fáum ef nokkrum starfsstéttum eru settar viðlíka skorður og lögreglumönnum, t.d. er varðar hvers kyns athafnir í og utan vinnu. Ég veit ekki um neina aðra stétt er ekki ræður frítíma sínum sjálf, t.d. er kemur að aukavinnu utan lögreglustarfsins, en eins og allir lögreglumenn vita verðum við að sækja um sérstakt leyfi til að stunda launaða vinnu í þágu annars aðila og aldeilis ekki gefið að slíkt leyfi fáiist. Margt

Bifreið uppreisnarmanna í Líberíu

Fáum ef nokkrum starfsstéttum eru settar viðlíka skorður og lögreglumönnum, t.d. er varðar hvers kyns athafnir í og utan vinnu.

Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Álftanes

Sveitarfélagið Álftanes
Bjarnastöðum

Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargarði 8
Bókasafn Reykjanesbæjar
Hafnargötu 57
Fristund
Faxabraut 27
Gæfusmiðurinn ehf.
Heiðarvegi 6
Hótel Keflavík ehf.
Vatnsnesvegi 12
Húsanes ehf.
Hafnargötu 20
Kiwi Veitingar
Háholti 16
Langbest
Hafnargötu 62
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nesbyggð ehf
Stapabraut 5
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
OSN lagnir ehf.
Iðavöllum 4b
Plastgerð Suðurnesja ehf.
Framnesvegi 21
Pylsuvagninn Tjarnargötu
Norðurvelli 32
Rekan ehf.
Iðavöllum 5b
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
RKÍ Suðurnesjadeild
Smiðjuvöllum 8
Skipting ehf.
Grófinni 19
Smiðshöggið ehf
Víkurbraut 4
Smurstöð
og hjólbarðapjónusta
Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verkfræðistofa
Suðurnesja ehf.
Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf
Grófinni 9-11
Verslunarmannafélag
Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14
Vélaleiga AP
Grófinni 13a
Viðar Jónsson ehf.
Heiðarhorni 16
Prekmiðstöðin Perlan
Vesturgata 21

Keflavíkurflugvöllur

Flugmálastjórnin
á Keflavíkurvelli

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.
Keflavíkurflugvelli
Suðurlug ehf.
Kefl.flugv/Bygging 9235

Grindavík

E.P. verk ehf.
Vörðusundi 5
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag
Grindavíkur
Hafnargötu 9
Porbjörn hf.
Hafnargötu 12

Sandgerði

TSS - Tölvuskóli

Garður

S.I. Raflagnir ehf.
Heiðartúni 2
Sveitarfélagið Garður
Sunnubraut 4

Njarðvík

ÁÁ Verktakar ehf.
Starmóa 13
Bílar og hjól ehf.
Njarðarbraut 11d
Fitjavík ehf
Fitjum
Nýsprautun ehf
Njarðarbraut 15
R.H. innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkestíg 14
Renniverkstæði
Jens Tómassonar ehf.
Fitjabakka 1c
Sigdís ehf
Brekkestíg 38
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Mosfellsbær

Byggingafélagið Timburmenn
Esjumel 7
Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
Glertækni ehf.
Völuteigi 21
Ísfugl ehf.
Reykjavegi 36
Veidiland ehf.
Flugumýri 8

Akranes

Bifreiðastöð P.P.P. ehf.
Dalbraut 6
Blikksmiðja Guðmundar ehf.
Akursbraut 11b
GT tækni ehf

Grundartanga
Harðarbakarí
Kirkjubraut 56
Jósi ehf
Skólabraut 14a
Norðanfiskur ehf
Vesturgötu 5
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18

Borgarnes

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
Framköllunarþjónustan ehf.
Brúartorgi 4
JG vélar sf
Lindarholt
Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Velverk ehf
Brúarhraun Kolbeinsstaðah
Völundur Sigurbjörnsson
Kvíaholti 12

Hellissandur

Skarðsvík hf.
Munaðarhóli 10
Porgeir Árnason ehf.
Háarifí 27 Rifi

Búðardalur

Sýslumaðurinn í Búðardal
Miðbraut 11

Reykholahreppur

Kolur hf.
Reykholum
Reykholahreppur
Maríutröð 5a

Ísafjörður

Akstur og löndun ehf
Pólgötu 10
Cafe Langi Mangi
Aðalstræti 22
Fernandos - Vinaminni
Austurvegi 1
Félag opinberra starfsmanna
á Vestfjörðum
Aðalstræti 24
Frystikerfi ehf.
Suðurgötu 9
Fylkir.is
Fjarðarstræti 15
Heiðarfell ehf
Suðurtanga 6
Héraðsdómur Vestfjarða
Hafnarstræti 1

Hótel Ísafjörður
Silfurtorgi 2
KNH ehf.
Grænagarði
Stjórnumílar ehf
Suðurgötu 9
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1
Úlfar ehf.
Seljalandsvegi 86

Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14
Verkalýðs- og sjómannafélag
Bolungarvíkur
Hafnargötu 37

Súðavík

Súðavíkurhreppur
Grundarstræti 1-3

Patreksfjörður

Oddi hf.
Eyrargötu 1
Smáalind ehf
Aðalstræti 5

Tálknafjörður

Eik ehf. - trésmiðja
Strandgötu 37
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40

Pingeyri

Gistihúsið við Fjörðinn
Aðalstræti 26
Véla- og bílapjón Kristjáns ehf.
Hafnarstræti 14

Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri

Hólmavík

RKÍ Strandasýsludeild
Borgarbraut 1

Blönduós

Stéttarfélagið Samstaða
Pverbraut 1

Sauðárkrúkur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Freyjugötu 9
Hesturinn
Sæmundargötu 3
Héraðsdómur
Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21

fleira mætti tína hér til einnig.

Að síðustu má svo ekki gleyma þeirri staðreynd að lögreglumenn eru nánast alveg tannlausir þegar kemur að því að knýja á um gerð kjarasamninga þar sem við höfum ekki verkfallsrétt. Það væri nú reyndar gaman að skoða lögmæti afsals verkfallsréttarins á sínum tíma einkum út frá stjórnarskránni, félagsáttmála Evrópu og annarra alþjóðasáttmála sem Ísland er aðili að.

Það er augljóst, í ljósi þess sem ég hef sagt hér á undan, að það er afar margt sem þarf að skoða og ég hef hug til að skoða, varðandi launa- og starfsumhverfi lögreglumanna, í starfi mínu sem formaður LL.“

Stofnanasamningar og möguleikar til launahækkana á grundvelli viðbótarforsendna

„Ég verð nú að segja alveg hreint eins og er að ég átta mig ekki alveg á þessum stofnanasamningum og möguleikum til launahækkana þeim tengdum eða öðrum viðbótarforsendum. Það kannski, að hluta til, stafar af því að ég nýt engra slíkra viðbótarkjara, hef enga tilburði séð í þá átt að ég sé að fara að njóta þeirra í nánustu framtíð og sé heldur ekki að embættin séu í stakk búin, m.v. það ástand er nú ríkir, að fara að greiða lögreglumönnum einhverjar launahækkningar úr nánast galtómum veskjum sínum. Ég held einnig að slíkt fyrirkomulag, ef það er ekki alveg gegnsætt strax frá fyrstu tíð, hafi frekar neikvæð áhrif á starfsumhverfið en jákvæð.

Það væri fróðlegt að gera könnun á því hvort og hvernig þetta er útfært hjá embættunum, hvort þetta er notað, hverjir fá þessa tímabundnu þætti og hvers vegna.“

Starfslokaaldur

„Varðandi starfslokaaldurinn er það eindregin skoðun mín, eins og ég kom inn á hér fyrr í þessu viðtali, að hann þurfi að lækka enn frekar og skoða hann jafnframt í samhengi við 95 ára regluna. Ég held að það hljóti að vera vilji til þess hjá hvoru tveggja, dóms- og fjármálaráðuneyti, að skoða þessa hluti nánar.

Í þessu samhengi þarf líka að skoða sérstöðu stéttarinnar í heild eins og ég hef að hluta til komið inn á hér á undan en þar er margt sem hægt er að benda á, s.s. styttri lífaldur, tíðar árásir á lögreglumenn, sjálfsvígstíðni, sjúkdómahættu o.fl. o.fl.“

Menntunarstefna LL næstu árin

„Ég tel að efla þurfi framhaldsdeild lögregluskólans og tryggja henni nægar fjárveitingar til að standa undir öflugu framboði náms. Á sama tíma þarf að tryggja embættunum, og þá sérstaklega úti á landi, fjárveitingar til að senda lögreglumenn til náms í skólanum.

Við verðum hér einnig að horfa til þess að nám þetta er afar sérhæft og nýttist yfirleitt ekki á hinum



Með "Aðalsteininum"

almenna vinnumarkaði. Það er því kannski ósann- gjarnt að ætlast til þess að lögreglumenn sæki slíkt nám alfarið á eigin kostnað.

Ég held að skoðandi væri að auka verulega við námið, hvoru tveggja í grunn- og framhaldsdeildum skólans, og stefna að því að gera námið að námi á háskólastigi. Við sjáum jú aukningu á umsóknum um skólavist þar sem umsækjendur eru búnir með nám á framhaldsskólastigi og jafnvel háskólastigi einnig.

Það er alveg kristaltært í mínum huga að aukin menntun stéttarinnar í heild mun skila sér í betri kjörum og að því ber að stefna að efla menntun stéttarinnar.“

Eitthvað að lokum?

„Það eru virkilega spennandi og skemmtilegir tímar sem nú fara í hönd. Fyrir dyrum liggur þing LL í lok mánaðarins og á haustmánuðum eru lausir kjarasamningar. Ný stjórn LL tekur við starfi í lok þings með opnum og jákvæðum huga og með breiðfylkingu lögreglumanna sem styður við bakið á henni. Við munum leita til félagsmanna með hvaðeina er lýtur að starfi sambandsins til að tryggja sem breiðasta komu félagsmanna að því.

Ég held að lögreglumenn verði að nota sumarið til að brýna sjálfa sig til að koma sterkir, allir sem einn, inn í kjarasamninga með haustinu. Það er grundvallaratriði að alger samstaða náist innan stéttarinnar þegar að þeim þætti kemur.

Ég hlakka til starfans.“

Ég held að lögreglumenn verði að nota sumarið til að brýna sjálfa sig til að koma sterkir, allir sem einn, inn í kjarasamninga með haustinu. Það er grundvallaratriði að alger samstaða náist innan stéttarinnar þegar að þeim þætti kemur.





„Breytt samfélagsmynd gerir auknar kröfur“

Samkvæmt úttekt Fjölmiðlavaktarinnar hafa sjónarmið Landssambandsins náð í öll form af fjölmiðlum, þ.e. dagblöð, útvarp, netmiðla og sjónvarp.

Mér finnst það ánægjulegt að nú er staðan orðin þannig að fjölmiðlar virðast leita til LL um öll mál er tengjast lögreglu.

Slikur árangur er ekki sjálfgefinn eða sjálfsprottinn, heldur þarf að ávinna sér það traust.

Í lok apríl lét Sveinn Ingiberg af formennsku eftir að hafa verið formaður í þrjú ár. Á þessum tíma- mótum er ekki úr vegi að biðja Svein að líta um öxl og spyrja hann út í tíma hans hjá LL og önnur félagsstörf hjá lögreglunni.

Hver er þinn ferill í félagsmálum lögreglu- manna?

Minn ferill í félagsmálum hófst vorið 1997, en þá var ég kosinn í stjórn Lögreflugfélags Reykjavíkur. Ári síðar var ég samhlíða setu í stjórn LR kosinn í stjórn Landssambands lögreglumanna. Ég sat í stjórn LR samfelld frá árinu 1997 til 2005, allt þar til ég tók við formennsku í stjórn Landssambands lögreglumanna. Ég gegndi ýmsum trúnaðarstörfum innan stjórnar LR, fyrst sem ritari stjórnar, síðar sem varaformaður og síðustu þrjú árin mín þar var ég formaður LR.

Trúnaðarstörf mín fyrir Landssamband lögreglu- manna spanna tíu ár, þ.e. samfelld frá árinu 1998 til 2008. Ég hef gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir LL, m.a. setið í stjórn starfsmenntunarsjóðs STALL, verið formaður orlofsjóðs sem og formaður styrktar- og sjúkrasjóðs, verið fulltrúi LL í valnefnd LSR frá árinu 2002, setið í stjórn BSRB, setið í stjórn Norræna lög- reglusambandsins, Nordisk Polis Forbund – NPF, og verið þar varaformaður frá árinu 2007. Ég hef einnig setið í samninganefnd LL frá árinu 2000. Þá hef ég setið í framkvæmdastjórn LL frá árinu 2002 og nú síð- ustu þrjú árin sem formaður.

Hvernig hefur þessi tími verið?

Þetta hefur að stærstum hluta til verið skemmtileg- ur og góður tími, þrátt fyrir að þetta sé krefjandi og er-

ilsamt starf og jafnvel að sumu leyti vanþakklátt. Það er þannig að ef vel gengur aukast bara kröfurnar.

Um mitt ár 2005 tókum við þá ákvörðun að blanda okkur meira inn í opinbera umræðu um málefni lög- reglu. Ég vildi stíga fram með markvissum og mál- efnalegum hætti, að LL væri rödd sem heyrðist, næði eyrum þjóðarinnar og ráðamanna með rökstuddum málflutningi. Samkvæmt úttekt Fjölmiðlavaktarinn- ar tók LL 75 sinnum þátt í slíkum umræðum á árinu 2006 og 78 sinnum árið 2007 og er það mikil breyt- ing frá fyrri árum. Fyrstu mánuði þessa árs hefur LL áfram verið áberandi í fjölmiðlum án þess að töluleg greining liggi fyrir.

Samkvæmt úttekt Fjölmiðlavaktarinnar hafa sjón- armið Landssambandsins náð í öll form af fjölmið- lum, þ.e. dagblöð, útvarp, netmiðla og sjónvarp. Mér finnst það ánægjulegt að nú er staðan orðin þannig að fjölmiðlar virðast leita til LL um öll mál er tengjast lögreglu. Slikur árangur er ekki sjálfgefinn eða sjálfs- prottinn, heldur þarf að ávinna sér það traust.

Ég hef einnig lagt á það áherslu í mínum störfum að byggja upp traust við viðsejendur okkar og sam- starfsaðila. Ég er þar einkum að tala um dómsmála- ráðuneytið, fjármálaráðuneytið og alla lögreglustjóra. Það eiga að vera sameiginlegir hagsmunir okkar að löggæslan sé eins góð og hún getur verið, þ.m.t. starfsumhverfi lögreglumanna og kjaraleg staða. Ég er þeirrar skoðunar og það er mín reynsla að við náum best til þessara viðsejenda okkar með rökföstum málflutningi og beinhörðum staðreyndum. Ég held að upphrópanir, átök og læti séu meira og minna bar- áttuaðferðir gærdagsins og eiga helst ekki við nema í algjörum undantekningartilvikum.

Hvað finnst þér hafa áunnist á þessum tíma?

Það hefur auðvitað margt gerst á þessum tíu árum sem ég hef verið í stjórn LL og lækkun eftirlaunaaldurs lögreglumanna árið 2002 var einn af stóru áföngunum. Það sem mér er efst í huga núna er kannski það sem hefur verið í brennidepli síðustu misseri og varðar starfsumhverfi lögreglumanna. Þá sérstaklega ofbeldi gegn lögreglu, sem hefur því miður verið að aukast. LL hefur barist fyrir bættu starfsumhverfi og hertum refsingum fyrir brot gegn valdstjórninni.

Það var sérstakt ánægjuefni þegar Alþingi samþykkti samhljóða frumvarp til breytinga á almennum hegningarlögum í fyrravor, breytingar sem að langstærstum hluta til má rekja til baráttu LL. Breytingarnar fela í sér aukna refsivernd handa lögreglumönnum, refsiramminn var hækkaður vegna ofbeldis í garð lögreglumanna og sett var inn sérstakt ákvæði um að refsivert sé að tálma því að lögreglumenn gegni skyldustörfum sínum. Þessi skýri vilji löggjafarvaldsins þarf að ná inn í dómssalina, því refsingar fyrir árásir á lögreglumenn eru enn þá afar vægar.

Ég tel að með þyngri refsingum fyrir árásir á lögreglumenn verði rétt skilaboð send út í þjóðfélagið, þ.e. að það sé ekki liðið að ráðist sé gegn handhöfum framkvæmdarvalds.

Það eitt og sér dugar hins vegar ekki til. Við okkur blasir harðari heimur, brotamenn sem eru jafnvel tilbúnir að ganga lengra en við höfum áður séð. Við erum hópurrinn sem á að stíga fram þegar aðrir hoga, takast á við hætturarnar og leysa hverja raun. Þjálfun og búnaður lögreglumanna þarf að taka mið af því. Bæði þarf að skoða nánar hinar nýju útfærslur af lögreglutökum sem betur henta til að yfirbuga ofbeldisfulla einstaklinga, auk þess sem ég tel einsýnt að almennir lögreglumenn verði útbúnir rafbyssum í nánustu framtíð.

Á síðasta ári voru fyrstu tillögur um áfallahjálp fyrir lögreglumenn settar fram hjá embætti ríkislögreglustjóra, eftir auðsóttu baráttu LL fyrir því að slík þjónusta yrði sett á laggirnar fyrir lögreglumenn. Tillögurnar tóku fyrst og fremst til atburða sem lögreglumenn upplifa sem áföll og ætla má að þeir þurfi aðstoð við að vinna úr. Það má segja að ákveðin vakning hafi orðið hjá lögreglumönnum hvað varðar bætt starfsumhverfi og má þá sérstaklega nefna kröfu manna um áfallahjálp og sálræna handleiðslu.

Lögreglumönnum stendur nú til boða sérfræðipjónusta og viðbragðsteymi við áföllum. Einnig er verið að innleiða félagastuðning, handleiðslu og faglega ráðgjöf fyrir lögreglumenn.

Á þessum tíma hefur þú farið í gegnum nokkrar samningalotur við ríkið vegna kjarasamninga – hvernig er sú reynsla?

Ég myndi segja að gerð nýs kjarasamnings sé jafnan stærsta verkefni stjórnar á hverjum tíma. Ég var í samninganefnd LL við gerð tveggja síðustu samninga og átti raunar stóran þátt í þeim báðum.

Samningarnir 2001 eru mér mjög minnisstæðir fyrir margar sakir, mjög löng samningalota sem varð til þess að við förum í gönguna miklu, u.þ.b. 400 lögreglumenn marseruðu niður Laugavegin að Alþingishúsinu. Þeir samningar skiluðu lögreglumönnum miklum kjarabótum, mikilli hækkun grunnlauna, áratugabarátta fyrir lækkun eftirlaunaaldurs náði fram að ganga, persónubundnir þættir voru teknir inn



í ákvörðun launa í fyrsta sinn, auk þess sem tryggingamál lögreglumanna voru alfarið færð yfir á ríkið. Fram að þeim tíma hafði LL greitt helming af iðgjaldi viðbótartryggingar lögreglumanna á móti dómssalaráðuneytinu.

Í samningunum árið 2005 vorum við minntir á það, nánast á hverjum samningafundi, að kjarasamningarnir okkar frá árinu 2001 hefðu verið þeir stærstu sem gerðir voru á þeim tíma, sem var rétt. Í samningunum 2005 gerðist það í fyrsta sinn í sögunni að samið var áður en eldri samningur rann úr gildi. Samið var á sömu nótum og önnur opinber stéttafélög, auk þess sem við náðum inn í kjarasamning ýmsum nýjum ákvæðum sem tengjast framhaldsmenntun lögreglumanna.

Það er mjög lærdómsríkt að fara í gegnum svona samningaferli og mikilvægt að þeir sem koma fram fyrir okkar hönd við kjarasamningsgerðina hafi reynslu af slíku og raunar yfirburðaðþekkingu á ákvæðum kjarasamnings okkar, kjaralegri stöðu og öðrum kjaralegum réttindum.

Þrátt fyrir að við séum að eiga við sérfræðinga ríkisins sem okkar viðsemjendur við gerð kjarasamninga getur enginn samið betur fyrir lögreglumenn en lögreglumenn sjálfir. Það er engin töfralausn til í þessum efnum og þú kaupir engan „sérfræðing“ til að gera þetta fyrir þig. Við höfum hingað til leitað til fagaðila varðandi afmarkaða þætti, en það vinnur enginn verkið fyrir þig.

Hvernig list þér á komandi kjarasamningsviðræður?

Ég veit ekki hvað skal segja um komandi kjarasamninga. Þrátt fyrir að kjarasamningsgerð hafi ekki blasað við þessari fráfarandi stjórn var ákveðið að bregðast við þeirri stöðu sem upp var komin síðasta sumar er mikil mannekla var í lögreglu, margir höfðu sagt upp störfum og fjöldi lögreglumanna í launalausum leyfi var mun meiri en undanfarin ár.

Að frumkvæði LL fóru í hönd viðræður við stjórnvöld þar sem við vildum reyna að stöðva þessa þróun. Stjórnvöld voru sammála rökum LL og

Samningarnir 2001 eru mér mjög minnisstæðir fyrir margar sakir, mjög löng samningalota sem varð til þess að við förum í gönguna miklu, u.þ.b. 400 lögreglumenn marseruðu niður Laugavegin að Alþingishúsinu. Þeir samningar skiluðu lögreglumönnum miklum kjarabótum, mikilli hækkun grunnlauna, áratugabarátta fyrir lækkun eftirlaunaaldurs náði fram að ganga, persónubundnir þættir voru teknir inn í ákvörðun launa í fyrsta sinn, auk þess sem tryggingamál lögreglumanna voru alfarið færð yfir á ríkið.

Ég held að breytingar séu öllum mönnum hollar, nýbreytni á að vera hvati til framfara og framþróunar og er til þess fallin að koma í veg fyrir stöðnun. Þrátt fyrir að lögreglan sé í eðli sínu íhaldssöm stofnun er nauðsynlegt að hún fylgi tíðarandanum og sé á hverjum tíma fullfær um að sinna öllum þeim úrlausnarefnum sem henni eru falin.

niðurstaðan sem fékkst út úr þeim viðræðum var að mati stjórnar ásætlanleg, en rúmlega þrjú hundruð milljónir samtals komu í hlut lögreglumanna, 30 þúsund króna álagsgreiðsla á mánuði, í 12 mánuði á hvern lögreglumann, þ.e.a.s. út samningstímann.

Varðandi kröfur okkar við næstu samninga held ég að það þurfi að koma til veruleg hækkun grunnlauna í þessum samningum, þá sérstaklega á lægstu hópna hjá okkur. Ríkið þarf einnig að viðurkenna að lögreglustarfið er hættulegra en önnur opinber störf, tölurnar tala sínu máli hvað það varðar. Fyrir það þarf að umbuna sérstaklega og ekki síst horfa til frekari lækkunar eftirlaunaaldurs lögreglumanna.

Þá þarf ríkið einnig að horfast í augu við að almennt séð er opinber rekstur tónaður niður um helgar og aðra frídaga, en þá er viðbúnaður og álagið jafnan mest hjá lögreglu. Ég fullyrði að lögreglumenn vinni hlutfallslega mest allra opinberra starfsmanna um helgar og aðra frídaga. Það eru miklar förnir í starfi sem ríkið verður að meta miklu meir en nú er gert.

Mér finnst þetta vera grundvallarþættir við næstu kjarasamninga, annars verður það verkefni nýrrar stjórnar að vinna með væntanlega kröfugerð.

Hvað vilt þú segja um þær breytingar sem lögreglan hefur gengið í gegnum með nýskipan lögreglumála?

Nýskipan lögreglumála er líklegast langstærsta verkefni síðasta stjórnartímabils. Á síðasta ári tókst lögreglan á við veigamiklar breytingar með sameiningu lögregluembættanna, breytingar sem snertu öll lögreglulið í landinu.

Ég held að breytingar séu öllum mönnum hollar, nýbreytni á að vera hvati til framfara og framþróunar og er til þess fallin að koma í veg fyrir stöðnun. Þrátt fyrir að lögreglan sé í eðli sínu íhaldssöm stofnun er nauðsynlegt að hún fylgi tíðarandanum og sé á hverjum tíma fullfær um að sinna öllum þeim úrlausnarefnum sem henni eru falin.

Eins og með allar breytingar hefur sumt gengið vel en annað ekki eins vel. Það er líka jafnljóst að breytingaferli getur tekið tíma og öll áhrif breytinga

koma ekki fram þegar á fyrsta degi. Við erum að ganga í gegnum mesta breytingaskeið íslensku lögreglunnar og það hefur tekið í.

Ég er þeirrar skoðunar að vilji lögreglumanna til breytinga hafi auðveldað allan undirbúning breytinganna, en breytingastjórnunin sjálf hjá einstaka lögregluembættum hefur ekki verið til efturbreytni, án þess að ég ætli að fara að benda á einhverja í því sambandi. Það blasir einnig við að breytingunum hefði þurft að fylgja viðbótarfjármagn – svo sá kraftur og vilji sem býr í lögreglumönnum til breytinga og nýbreytni hefði fengið að njóta sín.

Við hjá LL höfum talað fyrir því að það þurfi að koma til auknar fjárveitingar til lögreglunnar í landinu. Það sést best á rekstrarniðurstöðum síðasta árs, en töluvert stór hluti lögregluembættanna var rekinn umfram fjárheimildir, jafnvel þótt stjórnendur hafi beitt tilheyrandi aðhaldsaðgerðum. Fjárveitingarvaldinu hefur mistekist að skapa lögreglunni eðlilegt rekstrarumhverfi og það gengur ekki til lengdar. Ég leyfi mér að vona að fjárþörf lögregluembættanna verði metin upp á nýtt og auknar fjárveitingar settar í lögregluna hið fyrsta.

Hvað finnst þér um nám lögreglumanna?

Ég hef sagt að breytt samfélagsmynd geri auknar kröfur til lögreglu, ný verkefni blasa við okkur og æ meiri þörf verður fyrir aukna sérþekkingu innan lögreglunnar. Slík samfélagsþróun kallar á enn frekari nýliðun fagmenntaðra lögreglumanna og eflingu lögreglunáms.

Hlutfall ófaglærðra afleysingamanna í lögreglu er orðið allt of hátt, en um leið felur það að hluta til hinn raunverulega vanda, skort á fagmenntuðum lögreglumönnum. Sú þróun mála síðustu ár er óásætlanleg og ekki sértækt áhyggjuefni lögreglunnar heldur alls almennings, sem á rétt á því að í lögreglunni sé hæft fagfólk að störfum sem kann til verka, geti brugðist rétt við þegar fólk á allt sitt undir, enda starfið vandamara en svo að því verði með öruggum hætti sinnt af öðrum en þeim sem hlotið hafa til þess menntun og þjálfun.

Ég tel það vera eitt af stærri hagsmunamálum lögreglumanna að leita leiða til að efla núverandi grunn- og framhaldsnám lögreglumanna enn frekar, í takt við áætlun LSR til ársins 2011. Í tengslum við endurskoðun á grunnnámi lögreglumanna hef ég einkum viljað líta til eftirtalinnna atriða:

Hvaða verk- og bóklegu fræði þarf hinn almenni lögreglumaður að hafa lært áður en hann geti talist fullnuma og hafið störf sem almennur lögreglumaður og á hvaða skólastigi á það að vera?

Hver er eðlileg lengd á almennu lögreglunámi?

Hvernig á starfsþjálfun að vera háttáð, hve löng á hún að vera?

Þá tel ég rétt að endurskoða kröfur um almennt menntunarstig umsækjenda í lögregluskólann.

Það er þörf á háskólamenntun innan lögreglunnar. Kröfur samfélagsins til fagmennsku lögreglunnar við rannsókn sakamála og uppljóstrun brota eru með þeim hætti að eðlilegt er að bæði stjórnunarnám og





nám rannsóknarlögreglumanna sé á háskólastigi, svo dæmi séu tekin.

Frændþjóðir okkar á Norðurlöndum hafa öll tekið ákvörðun um að færa menntun lögreglunnar upp á háskólastig. Í Bandaríkjunum er sá háttur hafður á að grunnnám er á sérskólastigi, en öll framhaldsmenntun á háskólastigi. Ég er sannfærður um að til framtíðar lítið hljóti þróunin að verða sú sama á Íslandi, að námið færist á háskólastig.

Lögregluskólinn hefur gegnt lykilhlutverki í menntun og þjálfun lögreglumanna og tel ég mikilvægt að svo verði áfram með framtíðarmarkmið um tengingu við háskólanám. Fyrir utan faglega þáttinn sjáum við hvaða áhrif það hefur haft á kjaralega stöðu þeirra stétta sem færst hafa upp á háskólastig.

Nú hefur verið unnið markvisst að því að bæta fjárhagslega stöðu LL, hvernig finnst þér hafa til tekið?

Fjárhagsleg staða LL hefur styrkst mikið á tímabilinu, bæði vegna aðhalds í rekstri og ábyrgar fjármálastjórnar. Í minni formannstíð hefur verið góður tekjuafgangur af rekstri félagsins á hverju rekstrarári og er ég mjög stoltur af því. Tekjuafgangur tveggja síðustu ára er langt umfram þær fjárhagsáætlanir sem samþykktar voru á þingi LL vorið 2006 og raunar voru allir sjóðir LL reknir með tekjuafgangi á síðasta ári, nema lítills háttar halli var á orlofsjóði vegna byggingar nýja sumarhússins að Geysi.

Þessi rekstrarniðurstaða hefur m.a. gert LL kleift að leggja til hliðar umtalsverða fjárhæð í nýjan kjaradeilusjóð LL. Þessum árangri hefði ekki verið náð nema með förnfúsu starfi hlutaðeigandi og aukinni vinnu okkar sem staðið hafa að rekstrinum undanfarin ár.

LL hefur verið með nýbreytni í orlofsmálum, hvað viltu segja um það?

Það er gaman að segja frá því að vorið 2007 réðumst við í byggingu nýs orlofshúss við Geysi í Haukadál. Mikil vinna starfsfólks á skrifstofu, framkvæmdastjórnar og orlofsnefndar fór í undirbúning og standsetningu nýja hússins sem allt

er hið glæsilegasta og hefur fengið frábærar móttökur þeirra félagsmanna sem þar hafa dvalið.

Þá var sú nýbreytni tekin upp árið 2006 að bjóða félagsmönnum að kaupa flugmiða hjá Iceland Express sem niðurgreiddir voru af LL. Það mæltist mjög vel fyrir og hefur eftirspurn verið mun meiri en framboð. Önnur aðildarfélög BSRB hafa nú gengið inn í þetta samstarf okkar við Iceland Express.

Þjónusta við félagsmenn er alltaf að aukast og mikill fjöldi erinda berst frá félagsmönnum, bæði munnlegum og skriflegum, og er reynt eftir fremsta megni að leysa úr þeim. Það er von okkar að þróun síðustu ára haldi áfram, en erindum og fyrirspurnum hefur fjölgað jafnt og þétt ár frá ári.

Heldur þú að þú munir sakna þessa tíma?

Já, það er alveg ljóst að ég kveð þetta starf með söknuði. Það blasti við mér þegar ég var skipaður aðstoðaryfirlöggluþjónn um áramótin að ég myndi ekki gefa kost á mér til endurkjörs. Ég held að það sé gott að hætta meðan maður hefur enn þá gaman af þessu. Þetta er líka orðið nokkuð langur tími, ég er búinn að vera tengdur þessum rekstri í 10 ár. Starf mitt fyrir LL hefur verið stór hluti af mínu lífi og maður er raunar aldrei í frii frá því starfi. Ég veit að fjölskyldan mín er afskaplega ánægð með að þessu tímabili sé nú lokið, enda hefur formannsstarfið oft kallað á miklar fjarvistir og ónæði á kvöldin og um helgar.


Eitthvað að lokum?

Mig langar að þakka öllu því góða fólki sem ég hef starfað með í stjórn LL síðustu 10 árin fyrir samstarfið. Þá vil ég sérstaklega þakka starfsfólkinu á skrifstofu LL fyrir frábært samstarf. Ég er þar að tala um Stefaniu Vigfúsdóttur og framkvæmdastjórana tvo sem ég hef mest starfað með, þá Pál Winkel og Steinar Adolfsson. Ég hef átt mjög náð og gott samstarf við þá báða og er það nauðsynlegt til þess að rekstur sem þessi gangi sem best. Ég vil einnig þakka lögreglumönnum öllum samstarfið á þessum vettvangi og óska nýrri stjórn LL velfarnaðar í starfi.

Þjónusta við félagsmenn er alltaf að aukast og mikill fjöldi erinda berst frá félagsmönnum, bæði munnlegum og skriflegum, og er reynt eftir fremsta megni að leysa úr þeim. Það er von okkar að þróun síðustu ára haldi áfram, en erindum og fyrirspurnum hefur fjölgað jafnt og þétt ár frá ári.



Lögreglunni *b*



Aðalsteinn Aðalsteinsson

Ég var einn þeirra sem fagnaði því er tekið var það framfaraskref að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var sameinuð, enda má segja að það hafi verið lokaskref í vissu ferli, þar sem lögreglunni í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði hafði verið miðstýrt í nokkur ár, með tilkomu þess að lögreglan starfaði með Neyðarlínunni.

Á þessum tíma var ég starfandi rannsóknarlögreglumaður í Kópavogi. Þarna var kærkomið tækifæri að hitta mína gömlu félagu og fara aftur í raðir rannsóknarlögreglumanna í auðgunarbrotadeild, þar sem ég hafði áður starfað. Það má vel segja að ég hafi verið fremstur í flokki í klappliði lögreglustjóra þegar hið nýja embætti var stofnað. Augljóst var að hagræðing og sparnaður væri af slíkri sameiningu. Sem dæmi náði lögreglan í Noregi að spara það mikla fjármuni við sameiningu að ákveðið var að fjölga lögreglumönnum um liðlega 100.

Nú er rúmt ár liðið frá breytingunum og hvern hefði órað fyrir því sem gerst hefur í skipulagsmálum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þegar kynning stóð yfir á breytingum vegna sameiningarinnar var sagt að lögreglumenn gætu verið rólegir, það héldu

allir sínum stöðum en ekki væri trygging fyrir því að yfirlögregluþjónar/yfirmenn héldu sínu. Eins og áður hefur komið fram er rúmt ár liðið frá því að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var stofnuð. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar á lögreglulíðinu og ætla ég að nefna nokkrar sem ég man eftir. Sú fyrsta var að festa í sessi alla yfirlögregluþjóna og eða bæta við en þeir telja 15 manns um þessar mundir, við bætist síðan lögreglustjóri og tveir aðstoðarlögreglustjórar. Miðað við fjölda yfirlögregluþjóna má segja að um herráð sé að ræða og mætti hvaða lögreglulið sem er vera stolt að hafa þvílíkan fjölda ef við miðum við fjölda lögreglumanna sem starfar í borginni miðað við önnur lönd. Kannski vegna verkefnaskorts hjá herráðinu var ákveðið að þeir myndu fara í göngueftirlit eftir vissu skipulagi, væntanlega til að auka sýnileika lögreglunnar. Kannski tók ég vitlaust eftir er hið nýja embætti var kynnt, þ.e. yfirlögregluþjónar myndu allir halda sínu en allar aðrar deildir lögreglunnar væru í hættu með starf og kjör.

Þeir sem þekkja til innviða lögreglunnar sjá að markvisst hefur verið dregið úr sýnileika lögreglunnar, þrátt fyrir yfirlýsingu um annað. Menn eru látnir vanta á vaktir og ekki er ráðið í stöður þeirra sem hætta.



Læ

Nú er svo komið að eru langþreyttir á stað að sinna útköllum, og varla er tími til ástand sem orðið lögreglumenn umferð samkvæmt fyrirfram að vera á gatnamótum morgunumferðinni og þrjár klukkustundir. lögreglumönnum og sín varðsvæði, heldu skuli þetta gert. Hi og frá vinnu sér lögreglubíl á einhverri vissu öryggi en áttar raunveruleg. Til stað af gerðinni Yamaha bifhjól sem komu í til mannskapur til að niðurskurðar og fæk. Kjör lögreglumanna slæm, en sennileg fjármálaráðherra blö



Þeir

Það lögreglumenn á útkallsbílum stöðugum þeytingi á milli staða til færri menn eru um fleiri útköll skýrslugerðar. Til að fela það hefur á sýnilegri löggæslu eru gerðar deildar sendir út á gatnamót hákveðnu prógrammi og eiga þeir num í eina og hálf klukkustund í sama tíma síðdegis eða samtals. Þú er að taka allt sjálfstæði frá og geta þeir ekki lengur ekið um þeir er komin skipun að ofan, svona þinn almenni borgari sem ekur til væntanlega lögreglubifhjól eða þrjú gatnamótum og finnur fyrir þú sig ekki á skerðingunni sem er þendur að kaupa fjögur ný bifhjól, sömu gerðar og þau fjögur fyrri. Hins vegar verður ekki að aka þessum bifhjólum vegna þú kunar í lögreglunni.

Þú hafa gegnum tíðina verið þú hefur dómismálaráðherra og þú skrað þú kjör sem viðsemjendur

ríkisins náðu við lögregluna 1. maí 2005 svo að ákveðið var að færa lögreglumönnum viðbótarálagsgreiðslu að upphæð kr. 30.000.- á mánuði, sem lögreglumenn hafa fram að næstu kjarasamningum sem eru í október nk.

Kjör rannsóknarlögreglumanna hafa verið rýrd verulega með fækkun bakvakta og breyttri viðveru. Nú nýverið var útlendingaefirlit lagt niður, hundadeildin sömuleiðis og kærumsóttöku lokað. Þá var móttökum á lögreglustöðvunum í Hafnarfirði, Kópavogi og Reykjavík lokað. Ekki er vænlegt að mæta á lögreglustöðvar utan skrifstofutíma þar sem þær eru allar læstar. Fyrir mörgum árum kom maður á lögreglustöðina í Reykjavík utan skrifstofutíma til þess að játa morð, væntanlega væri þessum manni í dag ráðlagt að hringja í 112. Samkvæmt ákveðinni skýrslu yfirlögregluþjóna sem markvisst hefur verið unnið eftir, kemur fram að leggja eigi niður fimmtán stöðugildi lögreglumanna við almenna löggæslu og fjögurra rannsóknarlögreglumanna, kannski hefur yfirtjórnin þegar náð þessum markmiðum og rúmlega það.

Starfsánægja lögreglumanna er í lágmarki og er ég viss um að við trónum neðstir á blaði yfir ríkisfyrirtæki, fjölskyldu- og starfsmannastefna er horfin, þrátt fyrir fögur orð á blaði. Lögreglumenn verða ekki keyptir með ávaxtakörfum eða innantómum loforðum um að breytingar séu fram undan með auknu fjármagni. Að baki hverjum lögreglumanni er fjölskylda. Yfirmennirnir halda sínum kjörum og eins og einn þeirra sagði við mig, að hann ynni örugglega fyrir laununum sínum. Ég spyr hins vegar hið nýja embætti um trúverðugleika. Er ekki rétt að þeir taki á sig skerðingu svo sem aðrir lögreglumenn hafa þurft að gera og þurfum við alla þessa yfirmenn? Flótti hefur verið frá stéttinni vegna álags sem fylgir vinnunni með fækkun starfsmanna og lélegra launakjara. Er nú svo komið að ég get ekki með neinu móti ráðlagt nokkrum manni að leggja þetta starf fyrir sig. Ef einhverjir halda og telja að lögreglan sé komin á botninn þá er því til að svara að svo er ekki.

Ljóst er að það eru breytingar fram undan sem eru til þess eins að draga enn frekar úr sýnileika lögreglunnar, skerða þjónustu, til þess eins að nýta það litla fjármagn sem ætlað er til reksturs lögreglunnar. Það er lítið mál að innkalla lögreglubíla og skila þeim þar sem ekki er mannskapur til þess að aka þeim.

Það sem ég get ekki skilið er hvers vegna lögreglulið annarra landa sjá fjárhagslegan ávinning og ná þar með fram frekari sparnaði af sameiningu og ná jafnvel að fjölga lögreglumönnum en við hér á litla Íslandi náum að virkja hið neikvæða og nánast klúðra hlutunum, þ.e. horfum fram á fækkun lögreglumanna og deildir sem hafa verið starfandi árum og áratugum saman eru lagðar niður. Yfirmenn lögreglunnar hafa tjáð sig í fjölmiðlum um vel heppnaða sameiningu lögregluliða, en við lögreglumenn sem þekkjum til starfans vitum betur. Mín skoðun er að sameining lögregluliðanna á höfuðborgarsvæðinu er misheppnuð og best við svo þú er að færa allt til baka í fyrri horf. Ef ekki, þarf að endurskoða allt sameiningarferlið og stórauka fjárframlög til lögreglunnar.

*Aðalsteinn Aðalsteinsson
rannsóknarlögreglumadur*




Nú er svo komið að lögreglumenn á útkallsbílum eru langþeyttir á stöðugum þeytingi á milli staða til að sinna útköllum, færri menn eru um fleiri útköll og varla er tími til skýrslugerðar. Til að fela það ástand sem orðið hefur á sýnilegri löggæslu eru lögreglumenn umferðardeildar sendir út á gatnamót samkvæmt fyrirframákveðnu prógrammi og eiga þeir að vera á gatnamótunum í eina og hálf klukkustund í morgunumferðinni og sama tíma síðdegis eða samtals þrjár klukkustundir. Þú er að taka allt sjálfstæði frá lögreglumönnum og geta þeir ekki lengur ekið um sín varðsvæði, heldur er komin skipun að ofan, svona skuli þetta gert.



Með lögum skal land byggja

Um mönnunarmál í lögum og kjör lögreglumanna



Eiríkur H. Sigurjónsson

Í starfi mínu í lögreglunni hef ég átt þess kost að eiga spjall við marga lögreglumenn. Ljóst er að ofarlega í hugskoti okkar lögreglumanna eru áhyggjur af starfsumhverfinu og kjaramálum í viðum skilningi. Í viðræðum mínum við lögreglumenn hafa verið tínd til ýmis dæmi úr starfinu sem lýsa vandanum. Ljóst er að álag á lögreglumenn er mikið; of mikið.

Skólagengnum lögreglumönnum þarf að fjölga

Mörg okkar hafa tjáð sömu hugsun: Við viljum að augu ráðandi manna opnast fyrir því hve brýnt er að fjölga lögregluskólagengnum lögreglumönnum, bæði almennt og á hverri útkallsvakt. Helstu rökini fyrir þessari fullyrðingu eru eftirfarandi:

Lögreglan á orðið erfitt með að sinna mikilvægu hlutverki sínu vegna of fárra lögreglumanna.

Brýnt er að losa menn undan mikilli aukavinnu; álag verður of mikið á menn þegar þeir þurfa stöðugt að sinna aukavöktum.

Öryggi lögreglumanna og borgara er ótryggt þegar lögreglumenn eru of fáir til taks eða þeir orðnir lúnir af langvarandi álagi.

Íbúum hefur fjölgað hratt í bæjum og borg og fjölgar áfram. Lögreglumönnum hefur ekki fjölgað að sama skapi. Fjöldi útlendinga sem eru hér að staðaldri til lengri eða skemmri tíma hefur aukist mjög mikið. Fjöldi ferðamanna fer einnig vaxandi með hverju árinu.

Með fullri virðingu fyrir því fólki sem vinnur afleysingastörf innan lögreglunnar ættu slíkar ráðningar ekki að fyrirfinnast í lögreglunni. Það er réttmæt krafa lögreglumanna og borgara að fagmenntaðir lögreglumenn sinni útköllum.

Verkefnaþáttum og skyldum lögreglu fjölgar með árunum.

Í takt við samfélagið sjálft eru mörg verkefni flókin og tímafrek úrlausnar.

Ríkari kröfur eru gerðar af hálfu borgara og dómstóla til rannsóknar mála.

Það er gríðarlegt áhyggjuefni þegar reyndir menn hverfa úr lögreglunni í önnur störf. Þó ber að virða það við lögreglumenn þegar þeir taka sjálfir yfirvegaða ákvörðun um að hverfa til annarra starfa. Mun alvarlegra er þegar tekin er um það ákvörðun að fækka lögreglumönnum hjá sumum embættum. Allt þetta kallar á endurskoðun og spurningar um hvert stefnir.

Réttaröryggi og öryggistilfinning borgaranna grundvallast á hlutverki lögreglunnar, sem m.a. er skilgreint í lögreglulögunum. Til eru metnaðarfullar áætlanir um störf og hlutverk lögreglunnar og víst eru margir lögreglustjórar sömuleiðis metnaðarfullir. Erfitt er hins vegar að fara eftir þessum áætlunum vegna manneklu. Mér er ljóst að sums staðar hafa á stundum verið unnin þrekvirki þegar hugað er að starfsmannafæð og verkefnastöðu; málin hafa „reddast“ en slíkt ótryggt fyrirkomulag er á engan hátt boðlegt.



- ◆ Úrræði í störfum
- ◆ Vaktafyrirkomulag
- ◆ Vinnuálag
- ◆ Almennt streituálag
- ◆ Öryggi í starfi
- ◆ Líkamspjálfun
- ◆ Þjálfun í lögreglutökum
- ◆ Fræðsla og menntun
- ◆ Stuðningur í áföllum
- ◆ Tryggingar
- ◆ Réttindi
- ◆ Lífeyrismál
- ◆ Réttarstaða og -vernd

Vissulega hefur verið unnið í sumum ofangreindra atriða með einhverjum árangri. Áfram og stöðugt þarf þó að huga að þessum atriðum. Sum atriði eins og t.d. húsnæði sums staðar, þjálfunarmál og vinnuálag þarfnast verulegra endurbóta. Ekki er rúm til þess hér í þessari grein að tíunda hvaða kröfur um úrbætur fylgja hverju atriði hér að ofan. Þó langar mig sérstaklega að taka fram að það er gerð krafa til þess að aukavinnu lögreglumanna sé haldið í lágmarki en lögreglumönnum sé tryggð afkoma af 100% starfi.

Launamál

Það blasir við að leiðin til að laða að hæft fólk til lögreglustarfa er fölginn í hærri launum. Það er enda réttmæt krafa að lögreglumönnum sé vel borgað vegna eðlis starfs þeirra og aðbúnaðar. Að auki má fullyrða að launakjör geti haft talsverð áhrif á virðingu fólks gagnvart lögreglumönnum og starfi þeirra og hlutverki; lág laun eru til þess fallin að draga úr virðingunni sem lögreglumönnum og starfi þeirra er sýnd. Krafan um hækkun launa lögreglumanna er rík. Í næstu kjarasamningnum er mikilvægt að grunnlaun verði hækkuð verulega.

Að lokum

Ég ber virðingu fyrir lögreglumönnum. Margir starfandi lögreglumenn búa yfir miklum mannkostum; réttisýni, kurteisi í framkomu og umgengni og eru reiðbúinir að aðstoða borgarana í hvers konar nauðum þegar til þeirra er kallað. Ætlast er til að lögreglumenn fari inn á útkallsvettvanginn á meðan öðrum þeim sem hætta er búin er forðað þaðan. Lögreglustarfið er mjög sérstakt en flestir lögreglumenn unna starfi sínu og bera virðingu fyrir hlutverki sínu og lögreglunnar, eru vandvirkir og til fyrirmyndar öðrum í samfélaginu.

Það hryggir mig að vita að aðbúnaður lögreglumanna og kjör eru ekki í lagi.

Krefjast verður stefnubreytingar. Fjárveitingu þarf að auka verulega til lögreglunnar til að tryggja gæði hennar. Trúverðugleiki og traust á lögregluna er hér lagt undir svo og réttaröryggi og regla í samfélaginu.

Ég vil hvetja lögreglumenn til að fylkja sér að baki samninganefnd LL og styðja hana í þeirri vinnu sem er yfirstandandi. Samstaða lögreglumanna er eina mögulega leiðin til að sýna ráðandi mönnum alvöru málsins.

Mér finnst lögreglumenn, hlutverk þeirra og störf ekki metið að verðleikum. Af þessu hef ég áhyggjur. Af þessu þarf að hafa áhyggjur. Úrbætur eru algerlega nauðsynlegar.

Eiríkur H. Sigurjónsson,
varðstjóri

Ofan á mannekluna sem við blasir bætist svo sú staðreynd að erfiðlega gengur að ráða fólk til lögreglunnar. Engin lausn er þó fölginn í því að lækka þær kröfur sem gera skal til lögreglumannsefna. Slíkt ber alfarið að varast! Það væri í andstöðu bæði við hagsmunum borgaranna og lögreglunnar. Brýnt er að til lögreglustarfa veljist traust og heilbriggt fólk.

Hvað skal þá gera til að leysa vandann? Hvað ber að gera þegar fáir gefa sig fram jafnvel í auglýstar afleysingamannastöður (sem ættu þó ekki að fyrirfinnast) og enn færri standast prófin sem næst taka við? Hvernig má tryggja að lögreglan hafi úr stórum hópi hæfra umsækjenda að velja? Hvernig er hægt að laða fólk að starfinu og standast samkeppni um launafólk á vinnumarkaðnum? Hvernig má halda reyndum lögreglumönnum í starfi?

Starfsumhverfi og aðbúnaður lögreglumanna

Starfsumhverfi og aðbúnaður hefur mikil áhrif á starfsánægju fólks; gott starfsumhverfi er eftirsóknarvert og eykur líkur á því að menn haldist í starfi. Hugtökin starfsumhverfi og aðbúnaður fela margt í sér og snerta klárlega kjör starfsmanna. Það sem huga þarf að er m.a.:

- ◆ Tækjakostur lögreglu
- ◆ Fjöldi félaga við störf og á vakt
- ◆ Húsnæði

Krefjast verður stefnubreytingar. Fjárveitingu þarf að auka verulega til lögreglunnar til að tryggja gæði hennar. Trúverðugleiki og traust á lögregluna er hér lagt undir svo og réttaröryggi og regla í samfélaginu. Ég vil hvetja lögreglumenn til að fylkja sér að baki samninganefnd LL og styðja hana í þeirri vinnu sem er yfirstandandi. Samstaða lögreglumanna er eina mögulega leiðin til að sýna ráðandi mönnum alvöru málsins.



Viðtækari vegavernd Sjóvá

Um er að ræða tónaþjónustu við viðskiptavinum Sjóvár sem lenda í minniháttar árekstrum á höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan felst í því að sérfræðingur Aðstoðar og Öryggis kemur á tjónsstað og fyllir út rafræna tjónaskýrslu, tekur afstöðumyndir, framkvæmir nauðsynlegar mælingar og veitir þeim sem í óhappinu lenda nauðsynlegar upplýsingar um næstu skref og frekari þjónustu.

Sjóvá hefur útvíkkað þjónustu viðskiptavina sinna til muna vegna óþæginda sem bíleigendur geta orðið fyrir. Frá og með janúar á þessu ári hefur Sjóvá boðið viðskiptavinum í STOFNI, vildarklúbbi Sjóvár, upp á aðstoð ef hjá þeim springur dekk eða bíll verður straumlaus eða bensínlaus. Þjónusta Sjóvá Vegaverndar er veitt í samstarfi við FÍB Aðstoð og er veitt allan sólarhringinn á höfuðborgarsvæðinu og á stærri þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni.

Sjóvá er eina íslenska tryggingafélagið til þess að veita Vegavernd sem þessa fyrir sína viðskiptavinum og við erum alls ekki hætt. Í febrúar sl. var síðan gerður samningur við nýtt fyrirtæki, Aðstoð og Öryggi um aðstoð í minniháttar bílatjónum.

Um er að ræða tónaþjónustu við viðskiptavinum Sjóvár sem lenda í minniháttar árekstrum á

höfuðborgarsvæðinu. Þjónustan felst í því að sérfræðingur Aðstoðar og Öryggis kemur á tjónsstað og fyllir út rafræna tjónaskýrslu, tekur afstöðumyndir, framkvæmir nauðsynlegar mælingar og veitir þeim sem í óhappinu lenda nauðsynlegar upplýsingar um næstu skref og frekari þjónustu. Ekki skiptir máli hvort viðskiptavinur Sjóvár er í rétti eða órétti, þjónustan er veitt í öllum tilvikum og mikið lagt upp úr því að hlutleysis sé gætt gagnvart öikumönnum. Ef grunur leikur á refsiverðri háttsemi eða að slys hafi orðið á fólki er lögregla hins vegar strax kölluð til. Fyrir Sjóvá þýðir þetta að tjónstilkynningar eru sendar strax til okkar, við höfum tækifæri til að veita þjónustu strax, upplýsingar verða betri og við þurfum minna á aðstoð lögreglunnar að halda við skýrslutökur eftir á vegna misskilnings á tjónsvettvangi.

Ómar Þ. Pálmason veitir fyrirtækinu Aðstoð og Öryggi forstöðu. Ómar starfaði sem lögreglumaður





í fjölda ára, hefur héraendis og erlendis aflað sér víðtækrar þekkingar á rannsóknnum og starfaði síðast í tæknideild Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Það er því engin tilviljun að Sjóvá ákveður að semja við fyrirtækið hans sem hefur gríðarlega reynslu og þekkingu til að takast á við verkefnið auk þess sem starfsmenn þess eru vel þjálfaðir til að meta hvenær er þörf á lögregluástoð og hvenær ekki.

Þessi tónaþjónusta Sjóvár er bundin við höfuðborgarsvæðið og er veitt alla virka daga frá kl. 7:00-18:30. Síminn er 440-2222.

Sjóvá telur að með þessu geti félagið veitt viðskiptavinum sínum sem lenda í minniháttar umferðaróhöppum framúrskarandi þjónustu og ástoð. Ætlunin er að sjálfsögðu ekki sú að lögboðin hlutverk lögreglunnar verði virt að vettugi heldur einmitt hið gagnstæða. Sjóvá vill sýna forystu í því að veita lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu tækifæri til að sinna forgangsmálum sínum í umferðarmálum og fyrirbyggjandi aðgerðum, auka sýnileika lögreglunnar við umferðareftirlit og hafa tækifæri til að efla rannsóknir umferðarslysa, ofsakstursbrota og annarra brota gegn umferðarlögum. Þetta gerir lögreglumönnum betur kleift að forgangsraða verkefnum sínum og sinna þeim af krafti og áhuga sem í stað þess að lögreglumenn séu uppteknir við að keyra út tjonstilkynningar til ökumanna sem hafa lent í minniháttar umferðaróhöppum.

Við leggjum mikið upp úr því að hlusta á það sem lögreglumenn hafa fram að færa um hvernig við getum best aðlagð okkar starf að þeim verkefnum sem lögreglan hefur með höndum. Þetta er mikilvægt skref í þá átt og við fögnum frekari samvinnu.

Dór Sigfússon forstjóri Sjóvár

SUMARDEKK

TOYO TIRES

PROXES T12
SPORT



PROXES CF1
ÞÆGINDI



TOYO 350
HAGKVÆMNI



TOYO TIRES
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

DEKKJAHÓTEL

VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG...

Láttu okkur þjónusta bíllinn þinn...

Við bjóðum uppá góða þjónustu sem er sniðin að þínum þörfum. Láttu okkur laga smáatriðin sem vilja oft gleymast að hafa í lagi.

- ▶ Shell Smurþjónusta
- ▶ Smáviðgerðir
- ▶ Rafgeymar
- ▶ Þurrkublöð
- ▶ Perur




561 4110

NESDEKK

FISKISLÖB 30

www.toyo.is





Norrænir lögreglunemar vinna saman

Námskeið hafa verið haldin síðustu ár um verkefnaíðaða löggæslu fyrir lögreglumenn og lögreglustjóra í framhaldsnámi við Lögregluskólann.

Lögregluskólar á Norðurlöndum hafa um nokkurt skeið verið í samvinnu varðandi nemenda- og kennaraskipti. Í lok árs 2004 var NORDCOP, samstarfsverkefni lögregluskóla á Norðurlöndunum, sett á laggirnar og var markmiðið að starfshópar myndu kynna sér kennsluáðferðir, námsefni og þróa og útfæra samstarfsverkefni þar sem nemendur úr öllum lögregluskólum á Norðurlöndunum myndu taka þátt. Sótt var um styrk til Nordplus og styrkti Norræna ráðherranefndin verkefnið

Árið 2005 voru skipaðir nokkrir starfshópar þar sem hver lögregluskóli tilnefndi 1 – 2 starfsmenn frá hverjum lögregluskóla, í hvern hóp. Afbrotavarnir var þema eins hópsins og var honum gert að vinna að og útfæra hugmyndir um verkefni þar sem afbrotavarnir og aðferðir verkefnaíðaðrar löggæslu væru leiðandi.

Ólafur Egilsson, lögreglufulltrúi við Lögregluskólann, var beðinn um taka sæti í hópnum um afbrotavarnir. Pétur Berg Matthíasson, stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, á einnig sæti í hópnum en embættið hefur unnið að innleiðingu verkefnaíðaðrar löggæslu frá árinu 2005 og er áætlað að henni verði lokið fyrir árslok 2008. Í löggæsluáætlun 2007 – 2011 kemur m.a. fram að það sé markmið lögreglunnar að allir lögreglumenn

öðlist þekkingu og hæfni til að beita aðferðum verkefnaíðaðrar löggæslu (VML) við störf sín.

Afbrotavarnaverkefni lögreglunema á Norðurlöndum

Verkefnið var hið fyrsta sinnar tegundar meðal lögregluskóla á Norðurlöndum. Aldrei fyrr hafa yfir 100 nemendur frá öllum Norðurlöndunum unnið saman að álíka verkefni. Markmið og tilgangur verkefnisins var að nemendur öðlist betri skilning á því hvernig afbrotavörnum er háttað á öðrum Norðurlöndum. Að efla tengsl milli lögreglunema og kennara á Norðurlöndunum m.a. vegna þess að afbrot og afbrotamenn starfa í vaxandi mæli þvert á landamæri og í mörgum löndum á sama tíma. Að lögreglunemar kynnist framtíðar-lögreglumönnum á Norðurlöndunum og e.a. ólíkum starfsháttum. Að þróa og efla erlenda tungumálanotkun lögreglunema, en verkefnið fór fram á ensku.

Verkefnið stóð yfir í 10 vikur, frá 19. september til 7. desember. Breytilegt var hversu margir nemendur tóku þátt frá hverri þjóð. Á fjórða tug lögreglunema, sem hófu nám í grunndeild Lögregluskóla ríkisins haustið 2007, tóku þátt. Í Noregi tóku 27 nemendur þátt og í Svíþjóð um 35 lögreglunemar. Ekki er vitað nákvæmlega hversu margir þátttakendur voru frá Danmörku og Finnlandi en í heildina voru það um 130 nemendur sem tóku þátt. Nemendur voru komnir

mislangt í námi, en það var óhjákvæmilegt þar sem námskrá og námslengd milli landa er mismunandi.

Fyrri hluti verkefnisins byggðist á því að lögreglunemar frá hverju landi fyrir sig gerðu grein fyrir stöðu afbrotavarna í heimalandi sínu. Um var að ræða ritgerðir sem nemendur unnu í hópum, 10 hópar voru á Íslandi með 3 – 4 nemendur í hverjum hóp.

Kennarar lögregluskólanna í hverju landi völdu síðan tvær ritgerðir sem voru gerðar aðgengilegar öllum nemendum í lok október á sænska PING PONG-netkerfinu sem notað er við kennslu í lögregluháskólanum (Polishögskolan) í Stokkhólmi. Nemendur frá öllum löndum höfðu aðgang að þessu kerfi. Sænska netkerfið er mjög öflugt og hefur reynst ótrúleg vel en Magnus Westergren frá Svíþjóð og aðili í samstarfshópnum hefur haft umsjón með kerfinu. Framlag frá Nordplus gerði það að verkum að allir nemendur fengu aðgang en greiða þurftu fyrir aðgang hvers nemenda.

Eftir skil á ritgerðum voru lögreglunemar frá öllum Norðurlöndunum settir í hópa með nemum samstarfslandanna. Hóparnir voru alls 15 talsins með 9 – 10 nemum í hverjum hóp. Nemendur í hverjum hópi áttu í samskiptum og voru að ræða spurningar sem kennarar lögðu fyrir hópana og tengdust afbrotavörnum á Norðurlöndunum. Umræðan fór fram á netkerfi sænska lögregluháskólans og gátu nemendur þar skrifast á við aðra í umræðuhópnum. Nemendurnir þurftu því að lesa ritgerðir annarra til að geta verið virkir í umræðum við kollega sína.

Framtíðin

Almennt voru nemendur ánægðir með verkefnið.

Ping Pong-kerfið fékk mjög góða dóma og meirihlutinn taldi sig hafa lært um afbrotavarnir í öðrum löndum. Nenum fannst áhugavert að sjá hvernig önnur lönd standa að afbrotavörnum.

Vefkerfi sænska lögregluháskólans býður upp á mikla möguleika fyrir frekari sameiginleg námskeið lögregluskóla á Norðurlöndum í framtíðinni, ekki einungis á sviði afbrotavarna. Námskeið hafa verið haldin síðustu ár um verkefnaþætti löggæslu fyrir lögreglumenn og lögreglustjóra í framhaldsnámi við Lögregluskólann. Nemendur í grunnnámi fá árlega kynningu á VML. Embætti ríkislögreglustjóra mun halda áfram að þróa nám í afbrotavörnum í samstarfi við Lögregluskólann þar sem einblínt er á aðferðir verkefnaþættar löggæslu.

Ekki er útséð um framhaldið en norræni starfshópurinn um afbrotavarnir mun halda áfram að koma saman og hefur þegar verið lögð fram hugmynd að verkefni fyrir næsta haust með breyttum áherslum.

***Pétur Berg Matthíasson,
stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur,
starfar á stjórnsýslusviði embættis
ríkislögreglustjóra***

***Ólafur Egilsson lögreglufultrúi
starfar hjá Lögregluskóla ríkisins***



Pétur Berg Matthíasson



Ólafur Egilsson

Stuttfréttir:

Stjórnar- og tækninefndarfundur NPIF

Þann 2. febrúar sl. var haldinn stjórnar- og tækninefndarfundur Norræna lögreglu-íþróttasambandsins, NPIF. Fundinn sóttu fyrir hönd ÍSL þeir Óskar Bjartmarz sem er í stjórninni og Guðmundur St. Sigmundsson sem er í tækninefndinni. Aðalefni fundarins var áframhald móta í nafni Norrænu sakamálabókarinnar og umræður um breytingar á lögum og reglum sambandsins. Á fundinum kom í ljós að beiðni okkar til danska sambandsins um að þeir tækju NPM í handknattleik árið 2009 að sér var samþykkt. Í staðinn munum við halda mótið árið 2017. Ástæða okkar fyrir þessari beiðni var einfaldlega sú að árinu 2009 eigum við að halda NPM í judo, lyftingum og glímu (brotning) og árið 2011 eigum við að halda NPM í knattspyrnu. Þetta kemur til með að verða mjög dýrt fyrir okkur, sérstaklega knattspyrnumótið, og það hefði orðið okkur mjög erfitt fjárhagslega að bæta á okkur handknattleiksmóti á sama tíma.

Öldungamótið í innanhúsknattspyrnu 2007

Stjórn ÍSL vill þakka Ísfríðingum fyrir mótshaldið en ljóst er að þeir höfðu mikið fyrir þessu mótshaldi, fyrst var það skipulagt í október sl. en vegna þátttökuleysis af ýmsum ástæðum varð að hætta við að halda mótið þá. Í annari tilraun, á miðjum vetri í lok febrúar, tókst það en þá kom til þess að allt fór úr skorðum vegna veðurs og ófærðar. Þrátt fyrir það mættu 5 lið á staðinn og tóku þátt ásamt heimamönnum. Mótið fór síðan fram með pomp og prakt. Enn og aftur, Ísfríðingar, hafið þakkið fyrir.





Öldungamót ÍSL í innanhússknattspyrnu 2007



Dagana 29. febrúar – 1. mars sl. var haldið Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu í íþróttahúsinu Torfnesi á Ísafirði.

Upphaflega átti mótið að fara fram í október 2007 en af ýmsum ástæðum varð að fresta mótinu þá.

Sex lið skráðu sig í keppnina, þau voru frá Ísafirði, ríkislögreglustjóra, Reykjavík A og B lið, Suðurnesjum og loks skal nefnt liðið AkraBorg, þ.e. sameiginlegt lið Akraness og Borgarness.

Mótið var sett upp þannig að spilaðar skyldu tvær umferðir, ein á föstudagskvöldinu og önnur á laugardeg.

En þegar nær dró móti var ljóst að veðurguðirnir yrðu okkur ekki hliðhollir og komust aðeins lið RLS og AkraBorg á föstudag. Lið Reykjavíkur og Suðurnesja lögðu af stað frá Reykjavík um hádegisbilið á föstudag og komust ekki vestur á Ísafjörð fyrr en um kl. 16:45 á laugardeginum. Þau fóru akandi landleiðina og urðu að fara á bát frá Súðavík til Ísafjarðar þar sem Súðavíkurhlíðin var lokuð vegna snjóflóðahættu.

Það er mikið á sig lagt fyrir fótboltann. Ekki verður ferðasagan rakin hér en eflaust verður þessi ferð lengi í minnum höfð hjá þeim sem lögðu hana á sig. Má eflaust skrifa margar sögur um það.

En mótið var sett á auglýstum tíma á föstudeginum 29. febrúar, með því að þau lið sem komin voru á mótið

spiluðu ásamt aukaliði frá Ísafirði, en það var skipað dómurum mótsins og félögum þeirra. Spiluð var ein umferð og var þetta meira til gamans gert og verða úrslit þeirra leikja ekki rakin hér. Um kvöldið hittust svo liðin yfir léttum veitingum á Kaffi Edinborg.

Á laugardeginum um kl. 16:45 byrjaði mótið samkvæmt mótsskrá. Mótinu lauk um kl. 20:30 á laugardagskvöldinu og hófst lokahófið kl. 21:00 í stað þess að hefjast kl. 19:00 eins og áætlað var.

Lokahófið var haldið í veitingahúsinu Kaffi Edinborg og var veislustjóri Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn í lögreglunni á Vestfjörðum.

Auk verðlaunapeninga fyrir þrjú efstu sætin á mótinu voru veitt ýmis önnur verðlaun. Ingólfur Ingólfsson úr Reykjavík A var valinn besti varnarmaðurinn. Huginn M. Egilsson frá RLS besti sóknarmaður mótsins og þrúðasta liðið var valið AkraBorgin, lið Akraness og Borgarness.

Ekki fer sögum af heimferð manna annað en að þeir komust án stórvandræða og mikilla tafa heim til sín á sunnudeginum.

*Gylfi Þór Gíslason, formaður
Íþróttafélags lögreglunnar á Vestfjörðum*



Úrslit leika voru eftirfarandi:

Ísafjörður – RLS	0 - 6
AkraBorg – Reykjavík B	5 - 2
Reykjavík A – Suðurnes	5 - 1
RLS – AkraBorg	2 - 2
Reykjavík A – Ísafjörður	7 - 0
Suðurnes – Reykjavík B	3 - 0
AkraBorg – Reykjavík A	2 - 3
Reykjavík B – RLS	0 - 6
Ísafjörður – Suðurnes	1 - 6
Reykjavík A – Reykjavík B	5 - 0
Ísafjörður – AkraBorg	0 - 3
Suðurnes – RLS	0 - 1
Reykjavík B – Ísafjörður	1 - 2
RLS – Reykjavík A	1 - 0
AkraBorg – Suðurnes	7 - 0

Úrslit mótsins

Lið	U	J	T	Mörk	Stig
RLS	4	1	0	16 - 2	9
Reykjavík A	4	0	1	20 - 4	8
AkraBorg	3	1	1	19 - 7	7
Suðurnesjamenn	2	0	3	10 - 14	4
Ísafjörður	1	0	4	3 - 23	2
Reykjavík B	0	0	5	3 - 21	0

Mótalisti 2008

Landsmót:

Landsmót í innanhússknattspyrnu
Skotfimi
Golf
Öldungamót innanhússkn.

Umsjón/mótsstaður

Suðurnes
Skotnefnd ÍSL
Akranes/Leynisvöllur
Austurland

dags.

25. – 26. apríl
06. júlí
október

Norðurlandamót:

Ratleikni
Viðavangshlaup/frjálsar íþr.

Álaborg/Danmörk
Svíþjóð

09 – 12. sept.

Evrópumót:

Viðavangshlaup
Hjólreiðar
Handknattleikur kvenna
Handknattleikur karla
Glima

Frakkland
Holland
Noregur
Ungverjaland
Rússland

14. – 17. mars
02. – 07. júní
11. – 16. ágúst
26. 08. - 01. 09.
24. – 27. október

Önnur mót:

Löggluskólamót Norrænu
sakamálabókarinnar

Turku/Finnland

24. – 27. apríl



Leiðrétting

Í 2 tbl. 2007 af
Lögglumanninum í
grein um Norðurlandamót
lögglumanna í knattspyrnu í
Danmörku var Ólafur sagður
St. Ólafsson en þetta á að vera
Ólafur Jónsson. Viðkomandi
aðilar eru beðnir velvirðingar á
þessum mistökum .



Efirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
K-Tak hf
Borgartúni 1
Sparisjóður Skagafjarðar
Ártorgi 1
Stoð ehf - verkfræðistofa
Aðalgötu 21
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Suðurgötu 1
Verslun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22

Varmahlíð

Akrahreppur - Skagafirði
Miklabæ

Siglufjörður

Allinn ehf-sportbar
Pormóðsgötu 11-15

Akureyri

Amaro heildverslun
- Viðar ehf.
Frostagötu 6c
Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
Bifreiðastöð Oddeyrar
Strandgata
Bifreiðaverkstæði
Bjarnhéðins hf.
Fjölningstötu 2a
Bilaverkstæði Akureyrar
Óseyri 6
Blikk og tækniþjónustan hf.
Kaldbaksgötu 2
Bæjarverk hf.
Rauðamyri 11
Café Karólína Grófagili
Kaupvangsstræti 23
Car X
Draupnisgötu 6
Eining lója
Skipagötu 14
Ekill ehf
Holtateigi 19
G.V. gröfur ehf.
Frostagötu 4a
Girðir ehf.
Hafnarstræti 82
Höldur ehf.- Bílaleiga
Akureyrar
Tryggvabraut 12
J.B. Arasynir sf.
Skógarhlíð 27
Kjarnafæði hf.
Fjölningstötu 1b
Ljósgröf ehf.
Glerárgötu 34
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofan
Lögmannshlíð
Glerárgötu 36

Malbikun KM
Flögusiðu 2
Norðurorka
Rangárvöllum
Norðurverk ehf.
Óseyri 8
Raf ehf.
Óseyri 6
Rafmenn ehf.
Fjölningstötu 2b
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
SJ Bald ehf
Grýtubakka 1
Slökkvilið Akureyrar
Árstíg 2
Stíflubjónustan
Möðrusiðu 1
Straumrás hf.
Furuvöllum 3
Tréborg ehf.
Njarðarnes 6
Tölvuvinnslan
Hafnarstræti 101
Vélsmiðjan Ásverk ehf.
Grímseyjargötu
Pekking hf.
Hafnarstræti 91-95

Dalvík

Klaufi ehf.
Klaufabrekkum
Steyrustöðin Dalvík ehf.
Sunnubraut 11

Húsavík

G.P.G. fiskverkun ehf.
Suðurgarðar
Hvalamiðstöðin á Húsavík ehf.
Pósthólf 172
Höfðavélar ehf
Höfða 1
Sýslumaðurinn á Húsavík
Útgarði 1
Tjörneshreppur
Ytri - Tungu
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigur - Pingeyjasveit
Vélaverkstæðið Grímur ehf.
Garðarsbraut 48
Víkurráf ehf.
Héðinsbraut 4

Egilsstaðir

Austurtak ehf, verktakar
Bjarkargrund 1-3
Eskfirðingur ehf.
Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Gistihúsið Egilsstöðum
Egilsstöðum 1

Grænafell ehf,
kranapjónusta
Miðási 11
Kauffélag Héraðsbúa
Kaupvangi 6
Toyota Austurland -
Bilaverkstæði Borgþórs ehf.
Miðási 2
Trésmiðja Guðna
Pórarinssonar
Mással
Verslunarmannafélag
Austurlands
Miðvangi 2-4
Ökuskóli Austurlands
Lagarfelli 11

Seyðisfjörður

RKÍ Seyðisfjarðardeild
Norðurgötu 10
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargata 44
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsögötu 7
Þvottatækni ehf.
Strandavegi 21

Reyðarfjörður

Kjötkaup hf
Óseyri 1

Eskifjörður

Kría veitingasala ehf.
Skammadal 2
Lögmannstofa Gísla M.
Auðbergssonar
Strandgötu 53

Neskaupstaður

G.T. ehf - Verslunin Vík
Egilsbraut 6
Léttir hf.
Miðstræti 25

Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

Stöðvarfjörður

Ástrós ehf
Fjarðarbraut 44

Djúpivogur

RKÍ Djúpavogsdeild
Borgarlandi 30

Höfn

Bókhaldsstofan ehf.
Krosseyjarvegi 17

Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Kaffi Hornið ehf
Hafnarbraut 42
Mikael ehf.
Norðurbraut 7
Öryggi og gæsla ehf.
Hlíðartúni 5

Selfoss

A.B. skálinn ehf.
Gagnheiði 11
Bifreiðastöð Árborgar
Lynghheiði 13
Bilapjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Borgarhús hf.
Minni-Borg, Grímsnesi
Fossvélar ehf.
Hrímýri 4
Holræsa- og stíflubjónusta
suðurlands ehf.
Miðtúni 14
Jötunn vélar ehf.
Austurvegi 69
Litla kaffistofan ehf
Málflutningsskrifstofan ehf
Austurvegi 38
Rafmagnsverkstæði
Jens og Róberts
Laugarás 1
Ræktunarsamband Flóa og
Skeiða
Gagnheiði 35
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
Set ehf.
Eyravegi 41
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Tækniþjónusta Suðurlands ehf
Sigtúnnum 25
Verslunin Íris, Kjarnanum
Austurvegi 3-5
Hveragerði
Bilaverkstæði Jóhanns
Garðarssonar
Austurmörk 13
Eldhestar ehf. - Vellið Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Raföld ehf.
Grásteini Ölfusi
Tölvutak ehf
Sunnmörk 2
Þorlákshöfn
Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Steinsteypusögur
Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10

Dularfulli píramítinn

Nú í janúarbyrjun las ég „Löggæsluáætlun 2007 – 2011“ frá dóms- og kirkju-málaráðuneytinu en hana má finna á vef ráðuneytisins http://www.domsmalaradu-neyti.is/media/frettir/Loggsluaatlun_2007-2011.pdf.

Á bls. 11 í þessari ágætu áætlun vakti mynd nokkur athygli mína. Í fyrstu virtist um að ræða þríhyrning á hvolfi. Og ég velti því fyrir mér hvort þarna væri um að ræða útfærslu á ákveðnu merki úr flokki viðvörunarmerkja en vona þó að svo sé ekki þó maður staldri vissulega við þegar maður lítur fyrirbærið augum. Eftir nánari vangaveltur taldi ég þó mega flokka þetta undir eitthvað allt annað.

Þarna finnst mér líklegast að um píramíta sé að ræða, allnokkuð sérstakan. Ég segi píramíta því innan fyrirbærisins er fólki ætluð tilvist og það í hárrétu stigveldi. En þetta er vissulega með sérkennilegri píramítum því hann er jú á hvolfi! Ekki veit ég hvaða kraftar eru hugsaðir þarna inn í myndina en sjálfur virðist píramítinn ákaflega fallvaltur. Hvað í ósköpunum táknar þessi mynd?


Það sem blasir við er að þeim sem framkvæma, þ.e. lögreglumönnum, er skipaður



mjög þröngur bás, svo þröngur að orðið „Lögreglumenn“ rúmast ekki innan hans. Þeim er látið eftir lítið vægi en stórt burðarhlutverk. Svipað fer fyrir lögreglustjórum sem ég veit að margir hverjir hafa mikinn metnað fyrir hlutverki sínu og lögreglunnar. Betur hefði nú farið á því að hafa fyrirbærið kassalaga.

Mér er ekkert nema annað um allt starfsfólk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en ég spyr mig hvaða hugsun liggja að baki þessari mynd og hvaða skilaboð í henni séu fólgin gagnvart framvarðarsveit lögreglumála í landinu.

Eiríkur H. Sigurjónsson, varðstjóri



Eiríkur H. Sigurjónsson

Estirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnadar í starfi

Stokkseyri

Flóð og fjara ehf.
Eyrarbraut 3a

Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smíðjustíg 2
Flúðaleið ehf.

Vesturbrún 15
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Kaffi-Sel
Efra-Seli

Hella

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.
Lækjarbraut 4

Hvolsvöllur

Eining sf.
Gularási

Krappi ehf.
Ormsvelli 5
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli
Austurvegi 6

Vík

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28
Kaffi María ehf. - Brandur ehf.

Skólavegi 1
Stígandi hf.
Básaskersbryggju 3
Tollvarðafélag Íslands
Hrauntúni 34
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18

VÍÐTÆKARI VEGAVERND



Ítarlegri og öruggari tjónaskýrslur



ÓKEYPIS AÐSTOÐ VIÐ GERÐ TJÓNASKÝRSLU

Vídtækari Vegavernd tryggir viðskiptavinum Sjóvá ókeypis aðstoð við gerð tjónaskýrslu, lendi þeir í umferðaróhappi á höfuðborgarsvæðinu. Sérhæfðir, en jafnframt hlutlausir starfsmenn taka ljósmyndir af vettvangi, skrá nákvæma atvikalýsingu og senda skýrsluna að lokum rafrænt til tryggingafélagsins. Þjónustan er í boði milli kl. 7:00-18:30 alla virka daga.

VEGAVERND – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ